



**BA ritgerð**

**Heimspeki**

**Skyldan fyrst, réttindi svo**

Kenning Onoru O'Neill um mikilvægi skylduhugtaksins fyrir  
mannréttindi og barnavernd

Vigdís Hafliðadóttir

**Leiðbeinandi: Vilhjálmur Árnason**  
**Júní 2020**



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HUGVÍSINDASVIÐ

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Heimspeki**

## **Skyldan fyrst, réttindi svo**

***Kenning Onoru O'Neill um mikilvægi skylduhugtaksins fyrir  
mannréttindi og barnavernd***

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Vigdís Hafliðadóttir**

**Kt.: 171194-2539**

**Leiðbeinandi: Vilhjálmur Árnason**

**Júní 2020**

## Ágrip

Þegar talað er um réttindi er hugtakið skylda skammt undan, hvort sem um er að ræða skyldu gagnvart rétthafanum svo hann geti öðlast þau réttindi sem sóst er eftir eða hvort rétthafinn hafi sjálfur skyldu að gegna, eigi hann að njóta ákveðinna réttinda. Heimspekingurinn Onora O'Neill hefur fjallað mikið um þetta hugtakapar og telur mikilvægt að byrjað sé á að skoða skyldur og hver eigi að bera þær, áður en hægt sé að tala af viti um réttindi. Hún heldur því fram að ef ekki sé fyrst hugað að skyldunum verði hugmyndin um réttindi, sem einhver eigi að eiga tilkall til og ekki verði dregið í efa, oft orðin tóm. Ljóst er að til að hægt sé að efna réttindi sé nauðsynlegt að einhver beri skylduna og þar gegna stofnanir oft lykilhlutverki. Samkvæmt kenningu hennar skipta skyldur *án réttinda* engu að síður höfuðmáli til að stuðla að réttlæti og farsæld. Þær eiga þó til að gleymast í siðferðilegri umræðu sem grundvallast á réttindum. Í ritgerðinni er greint frá hugmyndum O'Neill um réttindi og skyldur og þær notaðar til að varpa ljósi á veikleika mannréttindahugtaksins, stöðu barna og skyldur foreldra gagnvart þeim.

Orð

ég segi alltaf færri og færri orð  
enda hafði ég lengi á þeim illan bifur.  
Tign mannsins segja þeir  
þó þeir geri sér ekki ljóst að orð eru dýr  
né með hverju þeir geti borgað.

- Brot úr ljóðinu „II“ eftir Sigfús Daðason

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1 Um réttindahugtakið.....	3
1.1 Gæðaréttur og griðaréttur .....	4
1.2 Gæðaréttur og griðaréttur í tengslum við mannréttindi .....	4
2 Kenning Onoru O’Neill um réttindi og skyldur .....	6
2.1 Fullkomnar og ófullkomnar skyldur – samanburður við Kant .....	7
2.2 Fullkomnar skyldur – altækar og sértækar .....	9
2.3 Stofnanavæðing fullkominna skyldna .....	11
2.4 Ófullkomnar skyldur – altækar og sértækar .....	13
2.5 Hvers vegna er mikilvægt að byrja á skyldunum? .....	14
2.6 Um tengsl ófullkominna skyldna við dyggðir .....	17
3 Onora O’Neill um mannréttindi .....	18
3.1 Vandamál Mannréttindasáttmálans og hugsanlegar lausnir .....	20
4 Um æxlunarfrelsi og foreldraábyrgð .....	22
4.1 Tenging fjórskiptingar skylduhugtaksins við foreldrahlutverkið .....	24
4.2 Um æxlunarfrelsi og sjálfræði einstaklingsins .....	25
4.3 Um foreldraábyrgð .....	28
Niðurlag .....	31
Heimildaskrá.....	33

## Inngangur

„Skyldan fyrst, skemmtun svo,“ ómaði stundum heima hjá mér í æsku. Mér þótti fátt skemmtilegra á tímabili en að horfa á sjónvarpið en mér til mikillar gremju höfðu foreldrar mínir ákveðið að það væri ekki í boði fyrr en ég væri búin að æfa mig á fiðluna og læra heima. Þegar ég æfði mig svo á fiðluna með því að spila hratt í gegnum eitt lag og kalla það gott heyrðist í pabba úr öðru herbergi: „vanda sig Vigdís mín“ og ef eitthvað hljómaði vel heyrðist: „þetta var nú flott, mikið ertu músíkölsk!“. Ég verð þeim þakklátari með hverju árinu fyrir afskipti þeirra af mér í barnæsku sem fyrir utan almenna grundvallarumsjá einkenndust til dæmis af hvatningu, áhuga, sérstakri hjálpssemi og vilja til að mér vegnaði vel. Allt eru þetta þættir sem ég hafði ekki *rétt á*, í þeirri merkingu að ég gæti *krafið* foreldra mína um að lesa yfir verkefnin mín eða hvetja mig til að rækta hæfileika mína, en hafa auðveldað mér lífið og veitt mér tækifæri. Sumt af því sem þau gerðu var umfram það sem skylda þeirra sem foreldri býður, en annað var í skilningi Onoru O’Neill *ófullkomin sértæk skylda* þeirra. Ef þau hefðu brugðist henni færi ég ekki jafn fögrum orðum um þau, en hefðu þau brugðist grundvallarskyldum gagnvart mér sem hefði valdið mér skaða hefðu stjórnvöld þurft að grípa inn í svo ekki hefði verið brotið lengur á lögbundnum rétti mínum sem barn.

Í þessari ritgerð verður kenning norður-írnska heimspekingsins Onoru O’Neill um réttindi og skyldur skoðuð og út frá kenningunni rýnt í hugmyndir um mannréttindi og stöðu barna. Í upphafi mun ég gera grein fyrir réttindahugtakinu og algengri tvískiptingu þess í *gríðarétt* og *gæðarétt* og samsvarandi tvískiptingu skylduhugtaksins í *taumhaldsskyldu* og *verknaðarskyldu*. Því næst geri ég ítarlega grein fyrir kenningu O’Neill um réttindi og skyldur. Fyrst ber ég saman fjórskiptingu hennar á skylduhugtakinu við fjórskiptingu Immanuel Kants, þar sem skrif O’Neill byggja að miklu leyti á kenningum hans. Þegar gerð hafa verið skil á ólíkum skyldum: *altækum fullkomnum skyldum*, *sértækum fullkomnum skyldum*, *altækum ófullkomnum skyldum* og *sértækum ófullkomnum skyldum*, mun ég greina frá hvers vegna mikilvægt sé að byggja siðferðilega umræðu á skylduhugtakinu en ekki réttindahugtakinu, eins og tíðkast almennt. Þá mun ég nota hugmyndir O’Neill til að skoða vankanta almennrar túlkunar á mannréttindum og að lokum greina frá mikilvægi kenninga hennar fyrir stöðu barna og hvaða margþættu skyldum foreldrar gegna í lífi þeirra.

# 1 Um réttindahugtakið

Réttindi eru höfð í forgrunni þegar kemur að uppbyggingu margra lykilþátta samfélagsins. Þau eru eitt megininntak löggjafar og stjórnarfar lýðræðisríkja miðar að því að tryggja og standa vörð um réttindi borgara sinna. Auk þess hefur réttindahugtakið og það sem felst í því haft áhrif á almennan skilning fólks á réttlæti og siðferði. Með réttindum er átt við það sem einhver hefur *réttmætt tilkall til*. Viðkomandi gæti átt rétt á einhverju vegna stöðu sinnar, til dæmis sem barn, fangi eða hælisleitandi, vegna samkomulags eins og vinnusamnings eða sem ríkisborgari ákveðins lands eða fyrir það eitt að vera manneskja og er þá talað um mannréttindi.

Réttindahugtakið hefur verið viðfangsefni margra heimspekinga og annarra fræðimanna og þá einkum notkun þess í þeirri viðleitni að stuðla að réttlæti og frelsi.<sup>1</sup> Þó að áherslurnar séu ólíkar er almennt litið svo á að *réttindi* og *skyldur* séu hugtakapar sem fari hönd í hönd. Slík samsvörun er ekki jafngild algengum hugmyndum um að réttindi og ábyrgð fari gjarnan saman, en samkvæmt þeim hugmyndum bera þeir sem hafa réttindi einnig skyldu. Sú hugmynd á oft við en þó ekki alltaf. Borgarar, nemendur, kennarar, starfsmenn og fleiri njóta réttinda og bera skyldur en aðrir, til dæmis börn, dýr eða alvarlega fatlaðir, hafa réttindi en ekki skyldur og bera því enga ábyrgð.<sup>2</sup> Til þess að hægt sé að sækja rétt sinn og fá honum fullnægt er nauðsynlegt að einhver efni samsvarandi skyldu þeirra.

Upphaf réttindaumræðunnar er gjarnan rakið til þess þegar hinir undirokuðu þurftu að standa andspænis einvaldsstjórn og öðrum ólýðræðislegum kúgunarstofnunum og krefjast réttar síns. Með því að einblína á sjónarhorn þeirra valdalausis er lögð áhersla á að viðtakandinn sé ekki viðfang sem óski eftir velvild valdhafans heldur kröfuhafi sem krefst þess sem hann á réttmætt tilkall til. Ef slíkri kröfu er hafnað er brotið á honum. Með umræðu og áherslu á réttindi er hægt að mótmæla ríkjandi valdhöfum og veita hinum vanmáttugu vald. Ef réttindin sem hinir vanmáttugu krefjast eru viðurkennd, þá verða þau sem bera samsvarandi skyldur að sinna hlutverki sínu og axla skyldur sínar.<sup>3</sup> Sú nálgun kemur enn að góðum notum í baráttu um aukin réttindi en hugtakið hefur margar hliðar og ýmsir þættir spila inn í til þess að réttindi geti orðið að veruleika.

---

<sup>1</sup> Wenar, Leif, „Rights“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*.  
<https://plato.stanford.edu/archives/spr2020/entries/rights/>.

<sup>2</sup> O'Neill, Onora, „The Dark Side of Human Rights“, *International Affairs (Royal Institute of International Affairs 1944–)* 81, no. 2 (2005), 430.

<sup>3</sup> O'Neill, Onora, „Children's Rights and Children's Lives“, *Ethics* 98, no. 3 (1988), 459–460.

## 1.1 Gæðaréttur og griðaréttur

Til eru ótal leiðir við að flokka réttindi eftir því hvaða heimild þau eiga að veita og hvaða skyldur samsvara þeim. Frjálslyndir hugsuðir aðhyllast gjarnan skiptingu réttinda í *neikvæð* réttindi og *jákvæð* réttindi (e. negative and positive rights)<sup>4</sup> en Vilhjálmur Árnason hefur þýtt hugtökin sem *griðarétt* og *gæðarétt*. Ensku heitunum svipar til tvískiptingar Isaiah Berlin á frelsishugtakinu sem hann skiptir í *neikvætt frelsi* og *jákvætt frelsi* en skýr tengsl eru á milli griðaréttar (neikvæð réttindi) og neikvæðs frelsis.

Með *neikvæðu frelsi* er átt við umfang þess svæðis sem hver og einn hefur til að haga lífi sínu eins og hann sjálfur kys. Því stærra sem svæðið er því meira rými og frjálsræði hefur einstaklingurinn til að gera það sem hann vill, án afskipta ríkisvalds. Orðið *neikvætt* er notað þar sem átt er við frelsi *undan* afskiptum og hömlur því *ekki* lagðar á einstaklinginn.<sup>5</sup>

Með griðarétti (neikvæðum réttindum) er átt við tilkall til griða, það er til svæðis eða þátta þar sem ríkið má ekki grípa inn í til að hafa afskipti af lífi manns. Ríkið ber svokallaða *taumhaldsskyldu* og því fylgir griðaréttindum ákveðið frelsi gagnvart óréttmætum afskiptum þess.<sup>6</sup> *Gæðaréttur* (jákvæð réttindi) er réttmætt tilkall til gæða eða þjónustu sem stjórnvöldum ber *verknaðarskylda* til að tryggja. Með öðrum orðum ber einhverjum verknaðarskylda til þess að gera eitthvað fyrir þann sem hefur gæðarétt (veita *gæði*) en við griðarétt ber einhverjum taumhaldsskylda til að *stillast sig um* að gera eitthvað (veita *grið* frá einhverju). Oft er litið á frelsisrétt og gæðarétt sem *kröfurétt* sem er beint að þeim sem bera samsvarandi skyldu.<sup>7</sup> Stjórnvöld bera þá ákveðnar skyldur og aðrir geta krafist þau um að tryggja rétt sinn. Án atbeina stofnana er hvorki hægt að tryggja gæðarétt né griðarétt, eins og skýrt verður betur frá síðar.

## 1.2 Gæðaréttur og griðaréttur í tengslum við mannréttindi

Griðaréttur og gæðaréttur eru forsendur þess að njóta lífskosta og greinarmunurinn tengist umræðu um umfang *mannréttinda*. Hugmyndir um mannréttindi hafa vaxið og þróast í

---

<sup>4</sup> Wenar, Leif, „Rights“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, <https://plato.stanford.edu/archives/spr2020/entries/rights/>.

<sup>5</sup> Berlin, Isaiah, „Tvö hugtök um frelsi“ (í styttri útgáfu), *Heimspeki á 20. öld*, Róbert Víðir Gunnarsson þýddi (Reykjavík: Heimskringla, 1994), 6.

<sup>6</sup> Vilhjálmur Árnason, *Síðfræði lífs og dauða* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993), 91.

<sup>7</sup> „Claim-rights“ skv. Hohfeld kerfinu.

Wenar, Leif, „Rights“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, <https://plato.stanford.edu/archives/spr2020/entries/rights/>.



aðdraganda og í kjölfar þess að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu Mannréttindasáttmála árið 1948.<sup>8</sup> Yfirlýsingin telur upp þætti sem ættu að teljast réttindi „...sem allir eiga jafnt tilkall til án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“<sup>9</sup> Hugtakið má rekja til hugmynda um *náttúrurétt*, óbreytanleg grundvallarréttindi, sem hefur verið lykilhugtak innan stjórnmálaheimspeki. John Locke hélt því til dæmis fram að allir menn hefðu grundvallarrétt til lífs, frelsis og eigna. Hlutverk ríkis væri því að standa vörð um slík réttindi.<sup>10</sup>

Manneskjan þarfnast ákveðinna skilyrða til þess uppfylla rétt sinn til lífs, frelsis og eigna. Án þeirra getur hún ekki ræktað sjálfræði sitt og sjálfsvirðingu. Með gríðum er átt við það svæði sem hverjum og einum ber að hafa svo hann geti lifað og ræktað þessa þætti. Innan þess rúmast það svið athafna og hugsana einstaklingsins sem eru óaðskiljanlegur hluti af honum. Dæmi um gríðarétt er réttur til mannhelgi, trú-, skoðana- og málfrelsis, og fleira sem þarfnast afskiptaleyfis eða taumhaldsskyldu. Gríðaréttur ætti ævinlega að vera virtur og virðing fyrir honum krefst siðferðilegrar dómgreindar og dyggðugrar breytni þeirra sem bera taumhaldsskylduna. Dæmi um taumhaldsskyldu væri þagnarskylda heilbrigðisstarfsmanna gagnvart sjúklingum sínum sem tryggir rétt sjúklinganna til einkalífs. Annað dæmi er sú skylda sem allir bera að skaða ekki aðra.

Gæðaréttur er ekki bundinn við siðferðileg verðmæti eins og gríðaréttur. Hann kveður á um tilkall til gæða (efnislegra og menningarlegra), þjónustu og athafna sem geta verið breytileg eftir aðstæðum. Slík gæði eiga einnig að stuðla að auknu frelsi einstaklingsins, en á annan hátt en gríðaréttur. Menntun er sígilt dæmi um gæði, sem ekki verða tryggð með aðgerðarleysi og annað dæmi væri réttur til heilbrigðisþjónustu. Án slíkra gæða eru kostir hvers og eins takmarkaðir. Dæmi um verknaðarskyldur væru til að mynda skylda ríkis að reka mennta- og heilbrigðiskerfi og skylda fólks að hjálpa náunganum í neyð.<sup>11</sup>

Þeir sem aðhyllast hugmyndir um mannréttindi leitast við að finna leiðir til að stuðla að því að manneskjan hafi frelsi til að lifa mannsæmandi lífi. Samkvæmt David Miller, stjórnmálaheimspekingi, felst frelsi í því hvort heiminum sé þannig háttað að margar dyr

---

<sup>8</sup> Miller, David, *Political Philosophy, A Very Short Introduction* (New York: Oxford University Press, 2003), 70.

<sup>9</sup> „Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna“, Félag Sameinuðu þjóðanna, <https://www.un.is/stadreyndir/mannrettindayfirlýsing-sameinudu-thjodanna/>.

<sup>10</sup> Miller, *Political Philosophy, A Very Short Introduction*, 70–71.

<sup>11</sup> Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða*, 91–92.

standi manningnum opnar og ekki síður í því hvort honum sé fært að taka rökstudda og sjálfstæða ákvörðun um inn um hvaða dyr hann vilji fara. Með mannréttindum er ekki verið að ákvarða að til séu betri leiðir til að lifa lífinu eða að einn hafi meira virði en annar. Hins vegar krefst sú leið sem valin er þess að staðið sé vörð um mannréttindi. Án frelsis til að hugsa sjálfstætt, til tjáningar, samskipta, matar og húsaskjól, svo fátt eitt sé nefnt, er það ómögulegt. Það leikur ekki vafi á því að slíkir þættir eru mannsæmandi lífi til grundvallar og telja margir það vera hlutverk ríkisins að tryggja okkur þessar forsendur.<sup>12</sup>

Því er stundum haldið fram að auðveldara sé að uppfylla griðarétt en gæðarétt þar sem hinn síðarnefndi krefst auðlinda og úrræða, sem gætu verið af skornum skammti.<sup>13</sup> Gæðaréttur skiptir þó ekki síður máli því ljóst er að beint framlag ríkis eða annarra stofnana er iðulega nauðsynlegt til að tryggja þau gæði sem halda möguleikum hvers og eins opnum til að taka frjálssa og upplýsta ákvörðun. Án slíkra afskipta eða framlags gæti manneskjan í mörgum tilfellum ekki notið þess frelsis sem eykur möguleika hennar og tækifæri.<sup>14</sup> Til þess að hægt sé að tryggja réttindi, gæða- eða griða, er mikilvægt að huga að því hver beri skylduna og hvar sé hægt að krefjast réttar síns.

## 2 Kenning Onoru O'Neill um réttindi og skyldur

Norður-írski heimspekingurinn Onora O'Neill hefur lengi rannsakað hlutverk réttinda og skyldna og mikilvægi þess fyrir réttlæti. Hún bendir á að á síðustu áratugum hafi verið lögð rík áhersla á forgangsröðun réttinda í umræðu um stjórn málaheimspeki og siðferðilega breytni. Enda þótt slíkar áherslur feli yfirleitt í sér hugmyndir um skyldur, lúti þær oft í lægra haldi fyrir vangaveltum um það sem hver og einn eigi réttmætt tilkall til. O'Neill telur hugtakatengingu réttinda og skyldna, sem og fleiri þátta innan skyldusiðfræði, liggja hefðbundnum kenningum um verklega skynsemi (e. practical reasoning) til grundvallar, hvort sem það varðar siðfræði, stjórn mála eða hlutverk stofnana. Þar má nefna auk réttinda og skyldna hugmyndir innan skyldusiðfræðinnar um leyfi, bönn og undantekningar eða óformlegri hugmyndir eins og hvað mætti eða ætti að gera. Í kenningum hennar liggur þó *skylduhugtakið* öðru til grundvallar en hún heldur því fram

---

<sup>12</sup> Miller, *Political Philosophy, A Very Short Introduction*, 57–58.

<sup>13</sup> Leif Wenar, „Rights“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, <https://plato.stanford.edu/archives/spr2020/entries/rights/>

<sup>14</sup> Miller, *Political Philosophy, A Very Short Introduction*, 70–71.

að til þess að hægt sé að veita fólki réttindi, sé lykilatriði að byrja á að skoða hvaða skyldur samsvari réttindunum og hver geti borið þær. Nánar verður farið út í þá kenningu síðar.

## 2.1 Fullkomnar og ófullkomnar skyldur – samanburður við Kant

Ýmissa áhrifa Kants gætir í skrifum O'Neill, en hann er vafalaust þekktasti kenningasmiður skyldusiðfræði. Það er sú stefna innan siðfræðinnar sem metur réttmæti breytni einstaklingsins út frá hvað búi henni að baki, hvort hún sé rétt í sjálfri sér og í samræmi við skyldu. Kant hélt því fram að breyta þyrfti þannig að viðkomandi gæti viljað að lífsreglan sem hann ætlar sér að breyta eftir yrði að *algildu lögmáli*, svo vísað sé í skilyrðislausu skylduboðið.<sup>15</sup> Í *Grundvelli að frumspeki siðlegrar breytni* gerir Kant greinarmun á ferns konar skyldum og nefnir dæmi um hverja þeirra, til að sýna að hægt sé að leiða allar skyldur af skilyrðislausu skylduboðinu. Þær skiptast annars vegar í skyldur sem við höfum gagnvart sjálfum okkur eða öðrum og hins vegar í fullkomnar og ófullkomnar skyldur.

Ef breytni fer gegn *fullkominni skyldu* er hún þess eðlis að „það er ekki hægt að *hugsa* sér lífsreglu hennar sem algilt mótsagnarlaust náttúrulögmál, og því síður er hægt að *vilja* að hún *ætti* að verða það“.<sup>16</sup> Kant nefnir lántöku sem dæmi þar sem reynir á fullkomna skyldu gagnvart öðrum. Ef einstaklingur tekur lán sem hann veit að hann getur ekki borgað aftur þá væri hann að brjóta fullkomna skyldu, því ef allir myndu gera slíkt hið sama ríkti ekki traust í samfélaginu. Hegðunarreglurnar að segja satt eða að ljúga til að koma sér úr klandri geta hvor um sig verið lífsregla en aðeins sú fyrrnefnda stenst próf skilyrðislausu skylduboðsins. Brot á *ófullkominni skyldu* gæti orðið að almennu lögmáli án þess að fela í sér mótsögn. Hins vegar væri ekki eftirsóknarvert eða í samræmi við vilja hvers og eins ef neitun skyldunnar væri við lýði. Þar nefnir Kant sem dæmi að sá sem hefur hæfileika hafi ófullkomna skyldu gagnvart sér og öðrum að rækta hæfileika sína. Enda þótt lífið gengi sinn vanagang án þess, væri mannlífið ekki jafn fjölbreytt og stórbrotið. Annað dæmi sem hann nefnir um ófullkomna skyldu er hvort okkur beri að hjálpa öðrum sem eru í nauðum staddir. Þar hlýtur sá sem hefur það að lífsreglu að hjálpa ekki öðrum að lenda í ósamkvæmni, vilji hann sjálfur að hann fái aðstoð annarra þegar hann þarf á henni að halda. Hins vegar væri hægt að lifa í heimi þar sem enginn hjálpar

---

<sup>15</sup> Kant, Immanuel, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011), 140. Skilyrðislausu skylduboðið hljómar svona í heild: „Breyttu einungis eftir þeirri lífsreglu sem þú getur á sama tíma viljað að verði að algildu lögmáli?“

<sup>16</sup> Sama rit, 144–145.

neinum, en það væri hvorki æskilegt né eftirsóknarvert og það að hjálpa ekki öðrum langt frá því að vera lofsverð breytni.<sup>17</sup>

Gagnlegt er að skoða muninn á skilgreiningu Kants á fullkomnum og ófullkomnum skyldum í ljósi kenningar hans um *virðingu fyrir persónunni*. Sú krafa er annars vegar að nota persónur ekki sem tæki og hins vegar að virða þær sem markmið í sjálfu sér.<sup>18</sup> Að nota ekki aðra einungis sem tæki væri fullkomin skylda sem felur í sér „neikvæð“ afskipti til að gefa fólki rými til að lifa lífi sínu eftir eigin höfði. Þannig getur það til dæmis haldið í sjálfsákvörðunarrétt sinn án þess að vera afvegaleitt með stjórnsemi, blekkingu eða valdbeitingu. Að virða aðra sem markmið væri ófullkomin skylda sem krefst „jákvæðra“ afskipta eins og að sýna hjálpssemi og styðja við manneskjuna til að hún nái markmiðum sínum.<sup>19</sup>

Munurinn á skyldunum liggur einnig í því hvernig réttlæta megi undantekningar frá þeim. Kant kallar fullkomnar skyldur þröngar sem leyfi enga undantekningu *vegna hneigða*.<sup>20</sup> Vilhjálmur Árnason bendir á þann túlkunarmöguleika að hún gæti þó leyft undantekningu af öðrum ástæðum, til dæmis þegar tvær fullkomnar skyldur rekast á og önnur þarf að víkja. Hins vegar bjóða ófullkomnar skyldur upp á meiri sveigjanleika, þar sem oft þarf að velja á milli ólíkra velgjörðar- og verknaðarskyldna í daglegu lífi. Við höfum þó einnig taumhaldsskyldur til að gera lítið sem ekkert til að tryggja griðarétt fólks, eins og rétt til málfrelsis sem fjallað var um í kaflanum hér á undan.<sup>21</sup>

Líkt og Kant skiptir O'Neill skyldum í fjóra ólíka flokka, en flokkun hennar er þó með öðru móti. Hún telur að endurvekja mætti hefðbundnu hugtökin *fullkomnar* og *ófullkomnar skyldur* til að lýsa þeim grundvallargreinarmun sem er á ólíkum skyldum, en skilgreining hennar á þeim hugtökum er önnur en hjá Kant.<sup>22</sup> O'Neill skilgreinir fullkomnar skyldur sem skyldur sem *hafa* samsvarandi réttindi og ófullkomnar sem skyldur *án* samsvarandi réttinda.<sup>23</sup> Fjórskipting hennar liggur ekki í fullkomnum og ófullkomnum skyldum gagnvart *sjálfum sér* og *öðrum*, heldur skiptir hún þeim í *altækar*

---

<sup>17</sup> Kant., *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, 142–144.

<sup>18</sup> Sbr. lögmálið um virðingu fyrir persónunni sem útfærsla á hinu skilyrðislausu skylduboði í *Grundvelli að siðferðilegri breytni*, bls. 153: „Breyttu þannig að þú komir aldrei fram við manneðlið, hvort sem það er í persónu þín sjálfs eða persónu allra annarra, einungis sem tæki heldur ávallt um leið sem markmið“.

<sup>19</sup> Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag: Kenningar í Siðfræði* (Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, 1999), 100 og umfjöllun O'Neill í greininni „Between Consenting Adults“, 261–262.

<sup>20</sup> Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, neðanmáls á bls. 140.

<sup>21</sup> Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag*, 98–99.

<sup>22</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 145.

<sup>23</sup> Sama rit, 145 og 152.

(e. universal obligations) og *sértækar skyldur* (e. special obligations). Allir hafa altækar skyldur, en aðeins ákveðnir aðilar bera sértækar skyldur vegna sérstaks hlutverks eða sambands.

Í öllum tilfellum þarf að vera hægt að greina hver er handhafi skyldunnar. Fullkomnar skyldur gera þó einnig kröfu um að það þurfi að vera skýrt hver *kröfuhafinn* sé en í tilviki ófullkominna skyldna er ekki samsvarandi réttihafi. Mikilvægt er að þessi greinarmunur sé skýr og því sé leitast við að skilgreina hann á sem nákvæmasta hátt enda lykilatriði til að gera grein fyrir ólíkum gerðum siðferðilegra skilyrða sem huga þarf að ef taka á skyldur alvarlega. Þar er mikilvægast hvaða hlutverki *stofnanir* gegna til þess að ganga úr skugga um að skyldunni sé framfylgt og þar sem er kerfislægur munur á þessum skyldum þyrfti að stofnanavæða þær á ólíkan hátt.<sup>24</sup> *Altækar fullkomnar skyldur* eru helst tryggðar með réttarkerfi þar sem eru viðurlög ef skyldan er ekki efnd. Allir bera slíka skyldu og allir hafa rétt á samsvarandi réttindum og skyldan svarar til. Allir bera einnig *altækar ófullkomnar skyldur* en enginn hefur rétt á að aðrir axli skyldurnar. Þær birtast aðallega í hegðun fólks við margskonar aðstæður, hegðun sem er háð mannkostum og manngerð hvers og eins. *Sértækar skyldur* eru hlutverkabundnar og eru mismunandi eftir því hvers eðlis sambandið sem þær eru hluti af er. Ef skyldur eru *sértækar* og *fullkomnar* hefur sambandinu verið komið á fyrir tilstilli ólíkra stofnana þar sem sumir bera skylduna gagnvart ákveðnum aðilum sem eiga rétt á henni og hafa þörf fyrir að hún sé efnd. *Sértækar* og *ófullkomnar skyldur* eru einnig efndar innan ákveðins sambands en þær svara ekki til neinna réttinda. Sumir bera þær og axla með breytni sem litast af mannkostum og manngerð viðkomandi og eðlis þess sambands sem þeir tilheyra og bera þar ábyrgðina. Oft reyna ólík sambönd á ólíkar ófullkomnar skyldur. Í næstu köflum verður betur skýrt frá hverri skyldu fyrir sig.<sup>25</sup>

## 2.2 Fullkomnar skyldur – altækar og sértækar

Eins og áður kom fram svara fullkomnar skyldur til ákveðinna réttinda. Ef skylda er fullkomin og *altæk*, þá bera allir hana og gagnvart öllum öðrum. Allir geta því krafist þess af öllum öðrum að sú skylda sé virt. Altækar fullkomnar skyldur samsvara *altækum réttindum*, en gott dæmi um slík réttindi eru *frelsisréttindi* sem kallast á við griðarétt

---

<sup>24</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 147.

<sup>25</sup> Sama rit, 152.

fólks.<sup>26</sup> Samsvarandi skyldur slíkra réttinda fela því ekki í sér beint framlag heldur fremur *aðgerðaleysi* sem stuðlar að því að rétturinn sé virtur, það er til ákveðins frelsis eða gríða og mætti kalla altækar taumhaldsskyldur.<sup>27</sup> Réttur hvers og eins að vera ekki meiddur af öðrum myndi þá krefjast þess að enginn geri neitt sem skaði nokkurn annan. Allir myndu bera þá skyldu gagnvart öllum öðrum sem samsvarar þessum altæku réttindum. Hið sama gildir um að hafa, til dæmis, rétt til þess að fara um almenningsrými. Sá réttur felur í sér þá fylgireglu að aðgengi að slíku svæði sé ekki hindrað. Ef einhver væri undanþeginn skyldunni að virða þann rétt, þá væri ekki lengur hægt að segja að allir hafi ótakmarkaðan aðgang að almenningsrýmum. Samsvarandi skyldur frelsisréttinda geta því einungis verið altækar, sé hægt að uppfylla réttindin.<sup>28</sup> Hins vegar gerir O'Neill skýrar en Kant ráð fyrir að gera þurfi undantekningu á að virða fullkomna skyldu *ef hún stangast á við aðra fullkomna skyldu*. Þar má nefna skýrt dæmi úr samtímanum þar sem réttur fólks víðsvegar um heiminn til að fara um almenningsrými hefur þurft að víkja fyrir annarri fullkominni skyldu vegna Covid-19 faraldursins. Þar hafa stjórnvöld metið sem svo að öryggi og heilsa borgara vegi þyngra en þessi annars algildi gríðaréttur.

Ef skylda er fullkomin og *sértæk*, þá bera *sumir* skylduna gagnvart *ákveðnum* aðilum. Hún er því hlutverkabundin. Fullkomin sértæk skylda svarar til *sértækra réttinda*, en réttur er sértækur sökum þess að hann er efndur af einhverjum, einstaklingi eða stofnun, sem ber viðeigandi skyldu og á í sértæku sambandi við réttthafann. Úthluta þarf þá réttindunum til viðeigandi hóps. Ýmsir frjálshyggjumenn halda því fram að einungis frelsisréttindi feli í sér altækar skyldur en velferðaréttindi, sem kallast á við gæðarétt, svari til sértækra skyldna.<sup>29</sup> O'Neill þykir réttur til gæða meira viðeigandi heiti en velferðaréttur, þar sem veita þurfi *gæði* og *þjónustu* en þar má sérstaklega nefna rétt til matar og heilbrigðisþjónustu.<sup>30</sup> Þar ber ekki öllum að uppfylla skylduna, enda getur hver einasti maður ekki náð til allra annarra í heiminum, en til þess að hugmynd um algild bein afskipti gangi upp, þyrfti það að vera hægt.

Það mætti þó líta á sum þeirra réttinda sem teljast til gæðaréttinda sem *algild* réttindi en slík krafa er til dæmis gjarnan gerð í mikilvægum yfirlýsingum um mannréttindi. Þar má nefna 25. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna þar

---

<sup>26</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 129 og sbr. kaflinn hér ofar.

<sup>27</sup> Sama rit, 147.

<sup>28</sup> Sama rit, 129–130.

<sup>29</sup> Sama rit, 130.

<sup>30</sup> O'Neill, Onora, „The Dark Side of Human Rights“, 427.

sem segir að allir eigi rétt á lífskjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra. Þar fylgja dæmi í kjölfarið eins og fæði og læknishjálp.<sup>31</sup> Réttur til nauðpurfta er til dæmis algild réttindi. O’Neill leggur áherslu á að þau væru þó ekki uppfyllt með altækri verknaðarskyldu heldur væri hægt að mæta algilda réttinum til nauðpurfta, til dæmis, með því að dreifa skyldunni þannig að allir geti sótt réttinn til ákveðinna *stofnana* eða *embætta*. Hlutverk þessara stofnana væri þá að tilgreina sértæk sambönd og gera rétt höfum ljóst hvert þeir geti sótt rétt sinn og hverjir beri skylduna. Skyldan væri því ekki altæk, en allir væru rétt hafa þess sem hún ætti að svara til.<sup>32</sup> Það mætti þó líta svo á að fullkomnar sértækar skyldur gætu að vissu leyti verið algildar ‘á dreifðan hátt’. Þar mætti nefna að verknaðarskyldur sem tryggja gæðarétt eru oft bundnar við ákveðin svæði, oftast ríki og önnur mikilvæg réttindi eru efnd með samningum eða öðrum tengslum. Sá sem hefur rétt sem heyrir til sértækrar skyldu ætti alltaf að geta gengið að honum vísun.<sup>33</sup>

### 2.3 Stofnanavæðing fullkominna skyldna

Til þess að hægt sé að tryggja þau réttindi sem fullkomnar skyldur eiga að stuðla að, er lykilatriði að til séu stofnanir sem hafa það hlutverk að gæta þess að þeim sé framfylgt. O’Neill lítur svo á að ef altæk efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi eru ekki stofnanavædd, sé ekki hægt að tala um þau sem réttindi.<sup>34</sup> Hún heldur því fram að þó að algild réttindi til gæða og þjónustu, eins og velferðaréttindi, séu frábrugðin frelsisréttindum, þurfi báðar gerðir einhvers konar stofnanaumgjörð svo hægt sé að ganga að þeim vísun. Umgjarðirnar þurfa samt að vera ólíkar, til að koma til móts við ólíkar þarfir.

Það er til dæmis aðeins hægt að krefjast gæðaréttinda eða falla frá gæðaréttindum þeim ef til er kerfi sem felur ákveðnum fulltrúum að útvega þau einhverjum sem yrði viðtakandi þeirra. Þó að frelsisréttindi þurfi ekki að vera stofnanabundin til þess að hægt sé að krefjast þeirra eða afsala sér þeim, væri ekki hægt að ganga úr skugga um að rétturinn að enginn meiði mann, svo sígilt dæmi um frelsisrétt sé tekið, sé virtur ef ekki væri fyrir löggjöf sem stæði vörð um þann rétt með eftirliti, í þessu tilfelli lögreglunnar,

---

<sup>31</sup> Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, 25. grein, <https://www.un.is/stadreyndir/mannrettindayfirlýsing-sameinudu-thjodanna/>.

<sup>32</sup> O’Neill, *Towards Justice and Virtue*, 130.

<sup>33</sup> Sama rit, 148.

<sup>34</sup> Sama rit, 132.

eða hegningu sé brotið á réttinum.<sup>35</sup> Binda þyrfti því *altækar fullkomnar skyldur* í réttar- og stjórnkerfið með löggjöf sem afmarkar þau grið sem einstaklingurinn hefur rétt á og skapar skilyrði þess að hægt sé að úrskurða um brot á slíkum réttindum og dæma í samræmi við það.<sup>36</sup> Hér má líka nefna mikilvægi stofnana þegar takmarka þarf altæk réttindi, samanber dæmið áðan um aðstæður sökum Covid-19. Í því tilviki hefur ríkið vald til að takmarka ferðafrelsi fólks en jafnvel þegar ekki er um að ræða jafn alvarlegar kringumstæður og í kringum Covid-19 þá getur lögreglunni verið falið, við ákveðnar kringumstæður, að hindra aðgang fólks að almenningsrýmum, sé talin góð ástæða til þess.<sup>37</sup>

Til samanburðar, þarfnast *sértækar fullkomnar skyldur* félagslegs kerfis sem tengir ákveðna aðila saman þar sem annar verður að veita hinum það sem hann hefur rétt á. Stofnanir á borð við ríki, markaði, fyrirtæki og fjölskyldur, afmarka, mynda og gera öðrum aðilum kleift að mynda fjöldann allan af sérstökum samböndum þar sem annar ber fullkomna verknaðarskyldu sem samsvarar þeim réttindum sem hinn hefur.<sup>38</sup>

Með því að fela stofnunum að veita það sem telst til altækra gæðaréttinda er ekki einungis verið að bæta möguleikann á að einstaklingur geti sótt rétt sinn eða fengið bætur, eins og gert er með aukinni löggjöf til að tryggja frelsisréttindi, heldur er verið að skilgreina og ráðstafa skyldunni til þess að útvega viðeigandi gæði og þjónustu. Með því að koma sérstökum samböndum á fót, er verið að ráðstafa ákveðinni ábyrgð, sem væri ekki skýr án sérstakra áforma. Þessi ábyrgð þarf að hvíla á einhverju eða einhverjum og viðkomandi þarf að vera meðvitaður um hvaða skyldum hann hefur að gegna, í garð hvers og hvað það þýði fyrir hann sjálfan. Þannig tekur það sem felst í slíkum réttindum og skyldum á sig skýrari mynd.<sup>39</sup>

Stofnanir skipta einnig höfuðmáli ef draga á einhverja til ábyrgðar sem ekki hafa gegnt skyldum sínum og brotið á rétti annarra. Ef gæðaréttindi eru ekki uppfyllt og viðeigandi stofnunum hefur ekki verið komið á fót sem ráðstafa og dreifa skyldum, þá ríkir kerfisbundin óvissa, ekki aðeins um hver hafi brotið á réttinum, heldur um hvort það sé yfirhöfuð hægt að áfella nokkurn um að hafa brugðist þessari skyldu. Ef brotið er á frelsisréttindum, hvort sem viðeigandi stofnunum hefur verið komið á fót eða ekki, er það

---

<sup>35</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 131.

<sup>36</sup> Sama rit, 147.

<sup>37</sup> Sama rit, 129.

<sup>38</sup> Sama rit, 147.

<sup>39</sup> Sama rit, 134.



vegna þess að einhver eða einhverjir brutu á altækum frelsisrétti annarra. Ekki er alltaf ljóst *hver* sökudólgurinn er, en það er hægt að áfella einhvern.<sup>40</sup> Hins vegar er ekki hægt að gera slík brot refsiverð án löggjafar, eins og áður hefur verið nefnt.

## 2.4 Ófullkomnar skyldur – altækar og sértækar

Ófullkomnar skyldur hafa engin samsvarandi réttindi og því er oft horft fram hjá þeim. O'Neill telur að ríkjandi hugmyndir um að skyldur þurfi að skilgreina ákveðin réttindi, séu ekki einungis líklegar til að valda ágreiningi, heldur séu þær fallvaltar. Enda þótt skyldunum fylgi ekki réttindi, er ekki þar með sagt að hægt sé að afskrifa þær sem skyldur sem fólki ber að hafa.<sup>41</sup> Hugtakið felur í sér að þær séu ekki fyllilega valkvæðar þó svo að þeim fylgi ekki réttindi. Valið um ófullkomnar grundvallarskyldur liggur fremur í því *hvert* megi beina skyldunni og *með hvaða hætti*.<sup>42</sup>

Sumar ófullkomnar skyldur eru *sértækar* og bundnar ákveðnum hlutverkum. Margir líta svo á að ákveðnum félagshlutverkum, eins og hlutverki foreldra, kennara eða félagsráðgjafa, fylgi *meiri* skyldur en einungis þær fullkomnu skyldur sem samsvara þeim stofnanabundnu réttindum sem þessum hópum ber að veita.<sup>43</sup> Þar má nefna dæmi um skyldur gagnvart börnum, sem betur verður fjallað um síðar. Þeir sem vinna náið með börnum eða eiga börn og gera einungis það sem börnin *hafa rétt á* uppfylla ekki skyldur sínar gagnvart þeim. Grunnskólakennari sem sinnir kennslu vel, fylgir námsskrá og settum lögum og reglum en sýnir nemendum sínum ekki góðvild og umburðarlyndi bregst kennarahlutverki sínu og þeim skyldum sem fylgja því. Enda þótt hann brjóti ekki á neinum réttindum, getur hegðun hans komið í veg fyrir lífsgleði barnanna sem hann hefur umsjón með.<sup>44</sup>

Skyldur án samsvarandi réttinda þurfa þó ekki alltaf að varða ákveðin hlutverk, sambönd eða lifnaðarhætti, heldur gætu þær verið *altækar* skyldur án réttinda. Ýmsar dyggðir eru stundum túlkaðar sem slíkar skyldur en ætla má að öllum beri skylda til að vera heiðarlegir, sanngjarnir og sýna góðvild óháð ákveðnu hlutverki, jafnvel þótt þessum skyldum fylgi ekki réttindi.<sup>45</sup> Þó að ófullkomnar skyldur þarfnist þess ekki að rétthafi sé tengdur handhafa skyldunnar eins í tilviki fullkominna skyldna, þá geta slík sambönd leitt

---

<sup>40</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 132.

<sup>41</sup> Sama rit, 137.

<sup>42</sup> O'Neill, Onora, „Children's Rights and Children's Lives“, 449.

<sup>43</sup> Sama rit, 448–449.

<sup>44</sup> Sama rit, 451.

<sup>45</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 137.

af sér ýmis tækifæri, bæði góð og slæm, til þess að þjálfa ýmsar sértækar ófullkomnar skyldur.<sup>46</sup> Sumar aðstæður reyna frekar á ákveðnar ófullkomnar skyldur en aðrar, til dæmis reyna tengsl við einhvern í vanda sérstaklega á góðvild manns og hjálpssemi og fjölskyldusambönd á tryggð svo fátt eitt sé nefnt. Ófullkomnar skyldur eru því oft efndar með ólíkum hætti eftir manngerð og aðstæðum. Nánar verður farið út í líkingu ófullkominna skyldna við dyggðir síðar.

Ýmsir telja að ófullkomnar skyldur feli í sér þætti eins og hjálpssemi, umhyggju, tillitssemi gagnvart öðrum og að rækta hæfileika sína, samanber hjá Kant. Hver og einn hefur þessar ófullkomnu skyldur, á einhvern hátt, en enginn hefur rétt á nákvæmri útfærslu þeirra. Kant gengur út frá að maðurinn sé skynsemisvera og siðferðið eigi upptök sín í honum vegna þess, en ekki í utanaðkomandi reynslu.<sup>47</sup> O'Neill segir þó að manneskjur séu ekki einungis aðgreindar skynsemisverur, heldur einnig *viðkvæmar* og *þurfandi* að því leyti að skynsemi þeirra og sjálfstæði eru ófullkomin, viðkvæm og félagslega mótuð. Áhrif hvers og eins á aðra getur haft mikla þýðingu fyrir viðkomandi, sérstaklega á viðkvæmu tímabili í lífi þeirra. Skynsemisverur sem eru líka þurfandi geta ekki viljað breyta samkvæmt algildu lögmáli um afskiptaleysi, því án hjálpar geta þeir sem eru þurfandi ekki vaxið og dafnað. Þó er ekki hægt að hjálpa öllum öðrum á allan mögulegan hátt eða sjá til þess að allir rækti hæfileika sína. Það þýðir þó aðeins að við höfum ekki skyldu til að hjálpa *öllum* til dæmis, en ekki að við höfum *enga* skyldu til að hjálpa neinum. Því er skyldan að hjálpa öðrum eða stuðla að þroska annarra ófullkomin skylda. Í henni felst ekki hvernig nákvæmlega eigi að stuðla að þroska annarra eða hjálpa öðrum heldur er breytnin breytileg eftir fólki, hvernig lífi það lifir og því sem hver þarf á að halda.<sup>48</sup>

## 2.5 Hvers vegna er mikilvægt að byrja á skyldunum?

Mörg viðfangsefni nútímasiðfræði, einkum þau sem lúta að réttlæti, falla vel að ýmsum frjálslyndiskeningum sem líta á réttindi sem grundvallaratriði siðferðis. Sjónarhorn rétthafans er því fyrst og fremst haft að leiðarljósi, fremur en sjónarhorn einhvers umboðsaðila eða fulltrúa sem veitir viðkomandi þessi réttindi.<sup>49</sup> O'Neill telur ýmsar ástæður geta verið fyrir forgangsröðun réttinda í umræðu um stjórn málaheimspeki og

<sup>46</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 149.

<sup>47</sup> Gilje, Gunnar, Nils og Skirbekk. *Heimspækisaga*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999), 435–436.

<sup>48</sup> O'Neill, Onora, „Children's Rights and Children's Lives“, 457–458.

<sup>49</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 127.

siðferðilega breytni. Þar má nefna þýðingu Mannréttindayfirlýsinga fyrir pólitískar áherslur, óréttmætan ótta um að ef réttindi séu ekki lögð til grundvallar, þá sé ekki hægt að ná fram efnahagslegu og félagslegu réttlæti og réttmætan ótta um að ekki sé hægt að gera nægilega góða grein fyrir réttlæti innan rökræðu um siðferði sem metur réttmæti breytni út frá afleiðingum hennar.<sup>50</sup> O'Neill telur áherslu á réttindi í umræðu um siðferðilega skyldu geta komið að góðum notum, en ekki sé skynsamlegt að hafa réttindi í forgrunni siðfræðikenninga. Þannig geti maður misst sjónar á hvert sé hægt að sækja rétt sinn og ófullkomnar skyldur myndu ekki rúmast innan kenninganna, þar sem þær eru skyldur án réttinda.

O'Neill bendir einnig á að réttindi þyki almennt meira aðlaðandi en skyldur, og það að höfða til mannglegra skyldna fái oft minni hljómgrunn hjá stjórnvöldum en þegar höfðað er til mikilvægra réttinda, eins og mannréttinda.<sup>51</sup> Hún segir áherslu á réttindi hafa komið að góðum notum í upprunalegu samhengi þegar standa þurfti andspænis einvaldsstjórn og öðrum ólýðræðislegum kúgunarstofnunum og að líta mætti á umræðu um réttindi sem helsta vopn þeirra sem hafa minni völd í samfélaginu. Það er því skýr pólitískur ávinningur af umræðu um réttindi enda hvetja flest samtök sem berjast fyrir auknum réttindum minnihlutahópa til þess að fólk krefjist réttar síns.<sup>52</sup>

Þó svo að þeir sem berjast fyrir réttindum minnihlutahópa nefni skyldur sem verða að fylgja réttindunum er útgangspunkturinn réttthafinn og hvers hann þarfnast en ekki sjónarhorn þess sem ber skylduna. Það er einnig algengt í samtímaskrifum um siðfræði, sérstaklega þegar kemur að réttlæti. Grundvöllur siðferðis verður réttindi fremur en skyldur. Spurningin „á hverju hef ég rétt?“ er í því samhengi vinsælla siðferðilegt leiðarstef en „hvað ber mér að gera?“ eða „hvernig ætti ég að lifa lífi mínu?“.<sup>53</sup> O'Neill segir það hljóta að skipta máli í umræðu um siðferðileg skilyrði hvort hugsað sé út frá réttindum eða skyldum. Hún telur æskilegra að snúa ríkjandi forgangsröðun við, þannig að byrjað sé á að velta fyrir sér hvaða skyldur við eigum að hafa, og huga út frá því að réttindum hvers og eins.

O'Neill heldur því fram að ef byrjað sé á *réttindum* sem skilyrðum siðferðis, þurfi að huga að flóknu sambandi þess sem ber skylduna og réttthafans, en hinn síðarnefndi er oft sá sem taka þarf til siðferðilegrar skoðunar. Fyrir hver réttindi, sem einhver hefur, þarf

---

<sup>50</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 145–146.

<sup>51</sup> Sama rit, 135.

<sup>52</sup> O'Neill, „Children's Rights and Children's Lives“, 459–460.

<sup>53</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 127–128.

að úthluta öðrum skyldu sem samsvarar þeim svo rétt hafinn geti krafist þess sem hann á réttmætt tilkall til eða afsalað sér því. Ef viðkomandi er ekki hæfur til þess að sækja rétt sinn sjálfur, þurfa aðrir að geta gert það fyrir hans hönd. Mikilvægt er að það sé ljóst fyrir rétt höfum hver handhafi viðeigandi skyldu sé því án þess að vita *hvert* eigi að leita eða *hver* eigi að framfylgja skyldunni er ekki hægt að krefja neinn um neitt. Hugmynd um rétt sem kröfu til einhvers yrði þá innantóm.<sup>54</sup>

O'Neill telur helsta kost þess að byrja á skyldunum þann að með því að ganga út frá þeim sé maður krafinn um að vera raunsær og það gefi skýra mynd af því hvaða byrði fylgi skyldunum, réttlætingu þeirra og hvernig hægt sé að ráðstafa þeim. Ef hægt er að skilgreina inntak skyldna fylgja því góðar vísbendingar um hvaða aðgerðir þurfi að ráðast í, auk þess sem aukinn skilningur á skyldum og þeim réttindum sem samsvara þeim, gefi skýrari mynd af því hvernig stofnunum væri best að koma á fót. Kröfuhafar sem vita ekki hver ber samsvarandi skyldu grípa í tómt en handhafar skyldu sem eru ekki skuldbundnir ákveðnum rétt höfum geta hins vegar gert það sem hluta af skyldu sinni, eða litið á það sem skref í áttina að því að veita tiltekin réttindi, að stuðla að uppbyggingu stofnana sem myndu úthluta verkefnum og greina hvers kröfuhafar þarfnast.

Að byrja á skyldum hefur þó auðvitað ýmsa galla, til dæmis minni hljómgrunn, eins og áður hefur verið nefnt, og því fylgja ýmis praktísk vandamál hvað varðar dreifingu þeirra og ráðstöfun. Það getur til dæmis verið erfitt að átta sig á því og skýra frá hver eigi að leggja hvað af mörkum, til hvers og á kostnað hvers, ef stuðla á að því að allir eigi tilkall til ákveðinna gæða.<sup>55</sup> Takmarkaðar auðlindir og pólitískar deilur geta einnig valdið erfiðleikum, jafnvel þótt um sé að ræða dreifingu gæða á afmörkuðum svæðum. Margir aðilar þurfa að koma að því að dreifa viðeigandi gæðum til réttara aðila og því mikilvægt að samstarfið sé farsælt og hver og einn hlekkur sinni hlutverki sínu.<sup>56</sup>

Sú nálgun að hafa skyldu frekar en réttindi sem útgangspunkt býður einnig upp á rými fyrir ófullkomnar skyldur, það er skyldur án réttinda. O'Neill telur eina ástæðu þess að slíkar skyldur hafi horfið af þekkingarsviði kennismiða um réttindi vera að þeir sem byrji á réttindum þurfi að taka samsvarandi skyldur þeirra með í reikninginn. Til þess að taka skyldur *án samsvarandi réttinda* með í reikninginn þyrfti að snúa sjónarhorninu við. Talsmenn þess að byrja á réttindum þyrftu þá að greina frá því að við þær skyldur, sem eru eðlileg afleiðing réttindanna sem þeir byrjuðu að vinna út frá, bætist fleiri skyldur sem

---

<sup>54</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 129.

<sup>55</sup> Sama rit, 135.

<sup>56</sup> Sama rit, 132.

hafa þó engan slíkan grunn. Ófullkomnar skyldur falla því út úr siðferðilegri rökræðu ef upphafspunkturinn er réttindi þar sem þeim skyldum fylgja engin réttindi. Það myndi hins vegar ekki gerast ef skylda væri höfð sem undirstaða í siðferðilegri umræðu.<sup>57</sup>

## 2.6 Um tengsl ófullkominna skyldna við dyggðir

Þótt munur sé á fullkomnum og ófullkomnum skyldum þá reynir stundum á báðar gerðir í sömu kringumstæðum. Í ýmsum samböndum gengur fólk út frá því að það sé bundið af kröfum annarra en líka af öðrum siðalögmálum sem það ætti að haga sér eftir, jafnvel þótt enginn geti krafist það um það. Annar aðilinn hefur vanalega rétt á einhverri breytni af hálfu hins í sértæku sambandi, en það þýðir ekki að allt sem handhafi skyldunnar gerði eða væri æskilegt að hann gerði heyri undir réttindi hins. Hluti af því að vera gott foreldri, góður vinur eða samstarfsfélagi, snýst um að gera meira en fullkomin skylda býður manni og að báðir geri sér grein fyrir því að sú breytni sé ekki sjálfsagður hlutur sem hinn hafi rétt á.<sup>58</sup>

Það getur verið varasamt að byrja á réttindum því það getur breikkað bilið milli réttlætis og dyggða að mati O'Neill. Hún byggir þá skoðun sína á þeirri hugmynd að sjónarhornið geti aðeins orðið víðara þegar búið er að gera út um mikilvæg viðfangsefni réttlætis. Sumar nálganir sem ganga út frá réttindum gera jafnvel ekki ráð fyrir mikilvægi dyggða til að stuðla að réttlæti enda til frjálshyggjukennningar um réttindi sem telja ómögulegt að til séu skyldur án samsvarandi réttinda.<sup>59</sup> Í þeim kenningum er réttlæti túlkað sem leið til að tryggja sem mest frelsi og að hámarks frelsisréttindi feli þá í sér rétt til hvers sem er, svo lengi sem það brjóti ekki á réttindum annarra. Skyldur án samsvarandi réttinda eru því gerðar ómögulegar því breytni væri aðeins skipt í það sem væri annars vegar *leyfilegt*, sem hluti af frelsisréttindum hvers og eins, og hins vegar það sem væri *óleyfilegt*, því það bryti á frelsisréttindum annarra. Það að krefjast þess að einhver hafi skyldur sem eru óháðar réttindum, myndi falla í hvorugan flokkinn. Aðrir frjálslýndir kennismiðir tala ekki fyrir fyrirbyggjandi frelsisréttindum. Enda þótt svo rík áhersla sé lögð á réttinn til afskiptaleysis að jafnvel ríkisrekið velferðarkerfi teljist brjóta á þeim rétti með því að löggilda skatta, rúmast þó innan slíkra kenninga önnur siðræn sjónarmið, eins og til dæmis þáttur dyggða. Að mati O'Neill, taka þær hugmyndir að dyggðir 'rúmist' innan kenninga, því ekki nógu alvarlega að sumar dyggðir feli í sér

---

<sup>57</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 144.

<sup>58</sup> Sama rit, 141.

<sup>59</sup> Sbr. umföllun O'Neill um frjálshyggjumenn í *Towards Justice and Virtue*, bls. 131.

skyldu. Meðal sumra frjálshyggjumanna er gjarnan litið svo á að um sé að ræða sjálfviljuga gjörð sem í frjálsum samfélagi sé vissulega möguleg og jafnvel æskileg en ekki nauðsynleg.<sup>60</sup>

Þeir frjálslýndu hugsuðir samtímans sem aðhyllast skyldusiðfræði efast um hlutlægar hugmyndir, svonefndar fyrirmyndarkenningar (e. *perfectionism*), um hvað sé ‘hið góða’ fyrir manninn. Þeir færa rök fyrir því að ef breytni er óþörf til að viðhalda réttindum annarra þá sé hún einungis persónuleg viðleitni til að stuðla að huglægum hugmyndum um ‘hið góða’. Enda þótt ýmsar kenningar rúmi aðra breytni en þá sem stuðlar að frelsi hvers og eins, flokkast sú breytni ekki til ófullkominna skyldna heldur til breytni sem þykir afburðagóð eða siðferðilega til fyrirmyndar. Stundum er litið á slíka hegðun sem val hvers og eins eða hluta af persónueinkennum viðkomandi, en stundum sem breytni umfram það sem skyldan býður. Í hvorugu tilviki væri litið á slíka breytni sem skyldu.<sup>61</sup> Sumir halda því jafnvel fram að góðverk myndu missa marks ef búið væri að stofnanavæða það sem annars hefði verið gert af manngæsku.<sup>62</sup> O’Neill bendir á að sé ekki gerð grein fyrir ófullkomnum skyldum, falli þessi hegðun undir hvernig við *mættum* haga okkur, enda hamli hún ekki frelsi neins. Hún telur það sjónarmið frjálshyggjumanna ekki fullnægjandi heldur varði slík breytni við skyldu.<sup>63</sup>

Stofnanir skipta einnig lykilhlutverki til að tryggja skyldur án réttinda að mati O’Neill. Mikilvægt er að hafa í huga hvaða áhrif félagslegir þættir og ríkjandi siðir hafa til að fólk temji sér dyggðuga breytni. Ekki dugar til að stóla einungis á að fólk beri með sér ákveðna góða eiginleika. Með því að viðurkenna mikilvægi góðra eiginleika staðfestum við að hefðir og stofnanir skipti máli til að stuðla að þeim. Stofnanir geta alið upp í okkur dyggðugt líferni sem og haldið uppi viðeigandi undirstöðu og aga. Framlag einstaklingsins og stofnana til dyggðugar breytni er jafn mikilvægt.<sup>64</sup>

### 3 Onora O’Neill um mannréttindi

Kenning O’Neill um réttindi og skyldur varpar ljósi á veikleika hugmynda um altæk eða algild mannréttindi. Þær hugmyndir gegna mikilvægu hlutverki meðal mannúðarsamtaka

---

<sup>60</sup> O’Neill, *Towards Justice and Virtue*, 141–142.

<sup>61</sup> O’Neill, „Children’s Rights and Children’s Lives“, 450.

<sup>62</sup> O’Neill, *Towards Justice and Virtue*, 141–142.

<sup>63</sup> O’Neill, „Children’s Rights and Children’s Lives“, 450.

<sup>64</sup> O’Neill, *Towards Justice and Virtue*, 149.

í baráttu um aukin réttindi fólks víðsvegar um heiminn sem skortir það sem til þarf til að lifa mannsæmandi lífi. Hún fellst á mikilvægi hugmyndanna, en telur ríkjandi túlkun á mannréttindum, eins og talin eru upp í Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1949 eða tilgreind voru í yfirlýsingunni um réttindi mannsins í frönsku byltingunni frá 1798, vera á skjön við hugmyndir um hvað felst í því þegar eitthvað telst til réttinda.

Mannréttindasáttmálinn inniheldur bæði griðaréttindi og gæðaréttindi sem allir eiga að hafa rétt á fyrir það eitt að vera manneskja. Hefðbundnar hugmyndir um réttindi eru að þau feli í sér *siðabod*. Samkvæmt þeirri kenningu, gengur hugmynd um mannréttindi sem kröfurétt út frá því að krafist sé réttinda fyrir hönd þess sem ætti að hljóta þau og hefur því réttmætt tilkall til gæða eða griða frá öðrum sem bera skyldur sem svara til þeirra. Réttindi eru því ein hlið á boðandi sambandi rétthafa og skyldubera. Hins vegar telur O'Neill ýmsar kröfur um mannréttindi fara gegn þeirri kenningu og vera nær óskhyggjuhugmyndum eða einhverju sem mikilvægt er að *hafa í huga* þegar stofnanir eru settar á fót eða ný stefnumál sett á dagskrá.<sup>65</sup> Ástæða þess er sú að óljóst er hver sé handhafi skyldna samsvarandi mannréttinda og hvað sé hægt að gera ef brotið er á mannréttindum. Til þess að hægt sé að tryggja réttindi, þá þarf að vera einhver annar greinanlegur (allir aðrir eða ákveðnir aðilar) sem ber undantekningarlaust samsvarandi skyldu. Án skyldna væru engin réttindi.

Mannréttindasáttmálar eða -yfirlýsingar gera ekki grein fyrir ráðstöfun skyldna gagnvart þeim mannréttindum sem talin eru upp. Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna ýjar þó að því að ákveðnar skyldur liggi hjá stjórnvöldum en úthlutar þeim þó tómlátlega til þjóða, fólks og ríkja þótt ekki sé á allra færi að bera slíkar skyldur. Sumir þeirra sem ættu samkvæmt sáttmálanum að bera ákveðnar skyldur hafa til dæmis ekki völd til þess því þá skortir fjármagn og hafa ekki bein áhrif á löggjöfina í landinu.<sup>66</sup> Þó hafa sáttmálar, eins og hjá nefnd Sameinuðu þjóðanna um efnahags-, félagsleg og menningarleg réttindi (CESCR)<sup>67</sup> sem samþykktir voru síðar, lagt frekari áherslu á skyldu sammingsríkjanna.<sup>68</sup> Þar segir í annarri grein sáttmálans frá 1966 að leitast eigi við að stuðla að þeim réttindum sem getið er með *viðeigandi hætti*.<sup>69</sup> Þar skiptir máli að virða

---

<sup>65</sup> O'Neill, „The Dark Side of Human Rights“, 429–430.

<sup>66</sup> Sama rit, 431.

<sup>67</sup> Sjá heimasíðu: <https://www.ohchr.org/en/hrbodies/cescr/pages/cescrindex.aspx>

<sup>68</sup> O'Neill, „The Dark Side of Human Rights“, 431.

<sup>69</sup> Þýðing mín á hluta úr II. grein, II. hluta. Sjá: <https://www.ohchr.org/en/professionalinterest/pages/cescr.aspx>

ekki einungis þau réttindi sem samningurinn fellst á heldur að ganga úr skugga um að bæði einstaklingar og stofnanir axli skyldurnar sem samsvara þeim.<sup>70</sup>

Enda þótt skyldunum sé úthlutað til valdhafa, eins og ríkja, eru sum ríki veikburða og því ekki fær um að uppfylla mjög krefjandi skyldur. Þó að þau brjóti kannski ekki á frelsisréttindum borgara sinna, þá hafa þau ekki það sem þarf til að tryggja þau og hvað þá að tryggja þeim viðeigandi gæði. Það hefur því lítið að segja að fela þeim skyldur sem þeim er ómögulegt að efna.<sup>71</sup> Samkvæmt O'Neill er einnig misvægi milli gríðaréttar og gæðaréttar þar sem hægt er að átta sig á hvar eða hver hefur brotið á frelsisrétti, án þess að skyldu hafi verið ráðstafað en hið sama gildi ekki þegar brotið er á gæðarétti eins og sagt var frá í kaflanum um stofnanavæðingu fullkominna skyldna. Þrátt fyrir þetta er algengt meðal hugmynda og innan ríkjandi umræðu um mannréttindi að lítið sé á gæðaréttindi sem hluta af altækum mannréttindum. Hugmyndir um slík gæði eru oft ágætlega skýrar, en annað gildir um þær skyldur sem nauðsynlegar eru til þess að uppfylla slíkar kröfur.<sup>72</sup>

Ef réttindi hafa ekki skýra samsvarandi skyldu verða kröfur um þau ekki alvöru kröfur, heldur einungis óskir. O'Neill telur það geta verið dýrkeypt ef hallast verði að óskhyggjuhugmyndum um réttindi. Ef brotið væri á slíkum hugmyndum um mannréttindi, til dæmis, væri það engum ákveðnum að kenna og því ekki hægt að draga neinn til ábyrgðar. Hún bendir á að ef túlka eigi mannréttindi þannig þyrfti að losa um *boðandi tengsl* réttinda og skyldna til þess að hugmynd um réttindi geti verið nær þeim óskhyggjuhugmyndum sem ríkja oft hvað varðar mannréttindi. Ef lítið verður, hins vegar, á réttindi sem siðaboð fremur en ósk eða þrá, er mikilvægt að taka hlutverk skyldna alvarlega.<sup>73</sup>

### 3.1 Vandamál Mannréttinasáttmálans og hugsanlegar lausnir

Núverandi uppbygging Mannréttinasáttmálans hefur ýmis vandamál í för með sér. Að mati O'Neill er helsta vandamálið að þær skyldur, sem er úthlutað til ríkja, eru ekki eðlileg niðurstaða réttindanna sem krafist er. Auk fjórskiptingar skylduhugtaksins sem þegar hefur verið greint frá gerir hún greinarmun á *fyrsta stigs* og *annars stigs skyldum*. Fyrsta

---

<sup>70</sup> O'Neill, „The Dark Side of Human Rights“, 433.

<sup>71</sup> Sama rit, 435.

<sup>72</sup> Sama rit, 428–429.

<sup>73</sup> Sama rit, 430.



stigs skylda ætti til dæmis að standa vörð um að ekki sé brotið á einhverjum, það er að griða- eða frelsisréttur einstaklings, eins og réttur til eigna eða frelsis, sé virtur. Annars stigs skyldan væri þá að sjá til þess að fyrsta stigs skyldunni sé framfylgt, það er að tryggja að *allir virði* frelsisréttindin, og standa vörð um fyrsta stigs skylduna með löggjöf.<sup>74</sup> Það eru fyrsta stigs skyldur sem samsvara réttindum en þó er oftar lögð áhersla á annars stigs skyldur, það er að tryggja að *allir virði* frelsisrétt án þess að setja fram skýra fyrstu stigs skyldu *til þess að* vernda frelsisréttindi. Hið sama gildir um gæðarétt, þar sem ríkinu er falið að gæta þess að hann sé virtur, frekar en að tryggja viðeigandi gæði. Því fylgja ýmis vandkvæði ef ríkið á að bera annars stigs skyldur, því þannig er einhvers krafist sem á sér ekki samsvörun í þeim réttindum sem er getið. Séu réttindin ekki samstæð skyldunum, eru þau einungis hugmynd eða ósk.<sup>75</sup>

O'Neill telur tvennt vera viðsjárvert þegar kemur að því að löggilda sáttmála. Í fyrsta lagi kalla þau ríki sem löggilda ekki slíkan sáttmála, ekki yfir sig þá skyldu sem fylgir honum og virða því ekki það sem í honum stendur. Í öðru lagi eru þær skyldur sem fylgja sé sáttmálinn löggiltur *sértækar*, það er hlutverkabundnar þar sem ákveðnum fulltrúum ber að efna þær, en ekki *altækar*. Hið sama gildir þá um réttindin sem eru samsvarandi. Þau verða því stofnanabundin en ekki altæk og algild mannréttindi og því nauðsynlegt að viðeigandi stofnanir séu til staðar.<sup>76</sup>

Hún segir að mögulega væri hægt að komast hjá þeirri klemmu sem kemur upp hvað varðar mannréttindi sem gæðarétt með því að hafa þau opin fyrir tvenns konar túlkun. Annars vegar væri hægt að túlka þau sem rétt til gæða og þjónustu *óháð stofnunum* og hins vegar sem *viðmið* fyrir sáttmála. Hægt væri að vísa í fyrrnefnda túlkun sem grundvöll til þess að réttlæta ákveðnar ráðstafanir stofnana frekar en aðrar, og í hina síðarnefndu til að ýta undir skyldur stofnana án þess að hafa réttlætingu fyrir því aðra en þá að sum ríki hafa skrifað undir sáttmálann.<sup>77</sup>

Hins vegar væri hægt að líta svo á að frelsisréttindi séu altæk grundvallarréttindi og halda því fram að hægt sé að verja þau án þess að vísa til sáttmála eða stofnana, en viðurkenna að gæðaréttindi séu sértæk réttindi sem væri einungis hægt að verja með ákveðinni framkvæmd, eins og undirritun sáttmála. Hægt væri að færa rök fyrir því að slík gæðaréttindi og samsvarandi skyldur standi vörð um grundvallarþarfir og lífsskilyrði

---

<sup>74</sup> O'Neill, „The Dark Side of Human Rights“, 428.

<sup>75</sup> Sama rit, 433–434.

<sup>76</sup> Sama rit, 431.

<sup>77</sup> Sama rit, 432.

mannsins og tryggja þannig að þeim sé komið á og þau tryggð af stofnunum. Mannréttindi væru því notuð sem hvatning.

O'Neill samþykkir þó ekki að hægt sé að líta svo á að mannréttindi séu boðandi kröfuréttur en telja um leið að til séu altæk réttindi án samsvarandi skyldna. Ef ekki er hægt að komast að lausn innan hugmyndafræðinnar um mannréttindi sem boðandi þyrfti mögulega að hafna þeirri hugmyndafræði og líta fremur á hugtakið sem eitthvað æskilegt sem stofnanir ættu að hafa að leiðarljósi. Það telur O'Neill þó að gæti stuðlað að kaldranalegum skilningi á Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum þýðingarmiklum yfirlýsingum.<sup>78</sup>

#### 4 Um æxlunarfrelsi og foreldraábyrgð

Áhersla O'Neill á skyldur er afar mikilvæg þegar kemur að stöðu barna því að einhliða umræða um réttindi gefur ekki skýra mynd af því hvað það er sem börn þarfnast í raun og veru. Hún dregur ekki í efa að líf barna varði hið opinbera. Þar skiptir miklu máli að tryggja börnum gæðaréttindi. Án menntunar eða tilsagnar sem hæfir samfélagi þeirra mun þau skorta þá getu sem nauðsynleg er til að falla inn í það samfélag og þá menningu sem þau tilheyra. Hún telur þó hugmyndir frjálshyggjumanna um réttindi sérstaklega óhentugar fyrir börn, því að þeir leggja áherslu á afskiptaleysi en O'Neill telur að *griðaréttur* eigi einungis við um börn sem teljast til þroskaðra ungmenna. Þeir sem eiga börn eða vinna með þeim komast að því að þeir þurfa að taka virkan þátt í umsjá þeirra og menntun en aðgerðarleysi jafngildir því að vanrækja skyldur sínar gagnvart þeim. Ef börn njóta ekki bæði efnislegrar umönnunar og sæmilegrar félagsmótunar deyja þau og sé það gert með naumindum ná þau ekki fullum þroska. Ef hægt er að sjá fyrir ákveðna þörf, eins og til dæmis þörf barna, er sterk ástæða til að koma á lagalegum og félagslegum innviðum sem tryggja verknaðarskyldur og þar með gæðaréttindi til umsjár og menntunar upp að ákveðnu marki. Auk þess er mikilvægt að hafa stofnanir sem hafa eftirlit með þeim sem eiga börn og geta gripið inn í til þess að réttindum barnsins sé framfylgt.<sup>79</sup>

O'Neill setur þó spurningarmerki við að slík gæðaréttindi séu best tryggð með því að vísa í grundvallarréttindi á borð við mannréttindi. Ef litið er á réttindi sem grundvallarþátt hvað varðar siðferðileg álitamál tengd börnum, er líklegt að óbein og óljós

---

<sup>78</sup> O'Neill, „The Dark Side of Human Rights“, 432–433.

<sup>79</sup> O'Neill, „Children's Rights and Children's Lives“, 447–448.

mynd fáist af þeim siðferðilegu þáttum sem snerta líf barna. Því er sérstaklega mikilvægt að leggja áherslu á að skylda sé útgangspunktur í siðferðilegri umræðu um börn.<sup>80</sup>

Enda þótt umræða um réttindi geti verið valdeflandi fyrir kúgaða hópa, eru börn ólík þeim hópum sem hafa fundið kraft með aukinni umræðu um réttindi sín. O'Neill telur slíka umræðu um börn hafa fleiri pólitíska ókosti en kosti og að óheppilegt sé að bera börn saman við aðra hópa sem réttindabarátta hefur gagnast. Þegar minnihlutahópar hafa krafist réttinda, hefur það verið á forsendum þess að allir hóparnir búi yfir getu til að lifa vitsmunalegu og sjálfstæðu lífi en sú geta er vanvirt og vanrækt þegar þeim er neitað um ákveðin réttindi. Oft hefur kúgunin leitt til undirgefni og ósjálfstæðis þessara hópa sem hefur haft neikvæð áhrif á trú þeirra á eigin getu. Þó býr í þeim möguleiki til að styrkjast og eflast og réttindabarátta gæti ýtt undir það. Ósjálfstæði kúgaðra hópa hefur komist á með óeðlilegum hætti en þeir sem kúga reyna oft að benda á að valdaójafnvægið sé náttúrulegt og minnihlutahóparnir þurfi á valdhöfunum að halda sem sinni því hlutverki sínu tilneydd en af velvilja. Hlutverk þeirra sé að leiðbeina þeim og hjálpa. Hins vegar þurfa valdhafarnir oft á minnihlutahópunum að halda, til dæmis sem vinnuafli, sem styrkir stöðu hópanna, þegar aukinna réttinda er krafist.

Enda þótt valdahlutfall barna og fullorðinna sé ójafnt bendir O'Neill á að það hafi ekki komist á með ónáttúrulegum hætti eins og valdaójafnvægi milli valdhafa og minnihlutahópa, nema þegar bilið er óeðlilega breitt. Hún telur því góða ástæðu til þess að viðurkenna að vald fullorðinna yfir börnum geti verið siðferðilegt skilyrði þegar kemur að uppeldi barna, jafnvel þótt minnka mætti bilið þegar þroskuð ungmenni eiga í hlut. Ung börn eru til dæmis algjörlega háð þeim sem hafa vald yfir lífi þeirra en þörfin er ekki gagnkvæm. Meginmunurinn á ósjálfstæði ungra barna og ósjálfstæði undirokaðra félagshópa er sá að barnæska er *tímabil* í lífi hvers og eins sem við vöxum uppúr. Þeir sem hafa vald yfir börnum eru yfirleitt þeir sömu og hvetja þau og hjálpa á leið út úr þessu tímabili svo þau verði sjálfstæð að því loknu. Jafnvel þótt sumir hiki við að sleppa öllum tókum, vilja þeir ekki að börnin verði háð þeim ævilangt því að yfirleitt er ósjálfstæði barna byrði á þá sem börnin eru háð og þurfa að sinna þeim. Þeir sem kúga aðra hópa, hins vegar, vilja gjarnan viðhalda ójafnvæginu.<sup>81</sup>

Það myndi seint ganga að stofna „barnahreyfingu“ líkt og kvannahreyfingu, til dæmis, vegna þess að börn hætta að tilheyra þeim hópi þegar þau vaxa úr grasi. Ungmenni

---

<sup>80</sup> O'Neill, „Children's Rights and Children's Lives“, 445–446.

<sup>81</sup> Sama rit, 461–462.

geta þó fundið sig í stöðu sem er ekki ósvipuð stöðu kúgaðra hópa því stundum hafa utanaðkomandi þættir neikvæð áhrif á möguleika þeirra til að þroskast og dafna. Þau gætu þá nýtt sér umræðu um réttindi til að vekja athygli á sér og öðlast sjálfstæði. Umræðan gæti einnig veitt þeim sem finnst þeir búa yfir þroska og getu aukinn kraft og hraðað þroskaferli þeirra. Annars hafa börn almennt minni möguleika til að nota umræðu um réttindi sem pólitískt verkfæri og slík umræða er einungis óbein leið til að minna aðra á sumar skyldur sínar. Þeir sem leggja áherslu á að réttindi barna séu virt, geta ekki beint kröfu sinni að börnum heldur að þeim sem hafa áhrif á börn með hegðun sinni. Orðagjálfur um réttindi er því miður sjaldnast valdeflandi fyrir börn en er samt mjög áberandi í samtímanum.

Það væri ákjósanlegra að leggja áherslu á hvað felist í skyldum, frekar en réttindum, vegna þess að umfang þess er breiðara og umræðunni er beint að viðeigandi hópi. Þær nálganir sem hafa réttindi til grundvallar greina ekki frá hvað ætti að gera þegar fólk hefur ekki rétt á einhverju sem það ætti þó að hafa, eða ófullkomnum skyldum eins og áður hefur verið nefnt. Staða barna er sérstaklega viðkvæm því þau þurfa að reiða sig meira en aðrir vanmáttugir hópar á breytni annarra og félagslegar stofnanir sem tryggja það að aðrir axli skyldur sínar gagnvart þeim.<sup>82</sup> Skyldur sem fólk hefur gagnvart börnum eru iðulega víðtækari en að tryggja grundvallarréttindi þeirra. Þó að það kunni að virðast lítilvægt miðað við stöðu barna sem búa við fátækt eða aðrar aðstæður þar sem brotið er á mannréttindum þeirra, þá eru góðvild, glaðværð og áhugi líka nauðsynlegir þættir í lífsgæðum barna.<sup>83</sup> Skortur á þeim þáttum er ekki greinanlegur frá sjónarhorni réttinda.

#### **4.1 Tenging fjórskiptingar skylduhugtaksins við foreldrahlutverkið**

Það er greinilegt að foreldrar bera meiri skyldur gagnvart börnum sínum en að standa vörð um frelsisréttindi þeirra og mannréttindi. Muninn á þeim fjórum flokkum skyldna sem þegar hefur verið skýrt frá og kerfin sem þær þarfnast er hægt að skýra betur með því hvernig vanalega er litið á skyldur foreldra gagnvart börnum sem þeir bera ábyrgð á.<sup>84</sup>

Foreldrar hafa sömu *altæku fullkomnu skyldu* að gegna gagnvart börnum sínum og öðrum. Börn eiga til dæmis rétt á, eins og allir, að enginn valdi þeim skaða og foreldrum ber að sjálfsögðu að uppfylla þá skyldu eins og öðrum. Þeir sem hafa þó tekið

---

<sup>82</sup> O'Neill, „Children's Rights and Children's Lives“, 462–463.

<sup>83</sup> Sama rit, 451.

<sup>84</sup> O'Neill, *Towards Justice and Virtue*, 141.

að sér að sjá um ákveðin börn, bera *frekari* skyldu gagnvart þeim en öðrum, og þessi börn eiga rétt á viðeigandi umönnun. Slíkar skyldur eru *fullkomnar* og *sértækar* þar sem ákveðnir aðilar, í þessu tilviki foreldrar, bera þær gagnvart ákveðnum börnum sem hafa rétt á því sem skyldan á að tryggja þeim.<sup>85</sup> Þar mætti nefna skyldu foreldra að annast börnin sín og tryggja að þau hafi í sig og á.<sup>86</sup> Þeirra eigin börn geta ætlast til þess af þeim en ekki öll önnur börn, hvað þá allir aðrir í heiminum. Bregðist foreldrar fullkominni skyldu sinni, þurfa stjórnvöld að grípa inn í til að staðið sé vörð um réttindi barnanna. Góðir foreldrar myndu einnig líta svo á að þeir skuldi börnum sínum og öðrum *altækar ófullkomnar skyldur* eins og kurteisi og virðingu. Í þeim flokki væru ýmsar dyggðir sem suma skortir, því miður, en án þeirra væri vart hægt að tala um gott og ástríkt uppeldi, þrátt fyrir að aðrar skyldur séu virtar. Að lokum, skiptir máli í sambandi foreldra og barna, að foreldrar sýni börnum sínum sérstaka ást, stuðning og athygli, sem þeir sýna ekki öðrum. Þar mætti nefna sérstaka hlýju og hvatningu og annað sem stuðlar að lífsgleði þeirra. Það væri fyrir tilstilli þess einstaka sambands sem þau eiga í og væri því dæmi um *sértækar ófullkomnar skyldur*. Foreldrar þurfa að bera þessar ólíku skyldur gagnvart börnum sínum eigi þeir að teljast til góðra og ábyrgðarfullra foreldra.<sup>87</sup>

## 4.2 Um æxlunarfrelsi og sjálfræði einstaklingsins

Út frá kenningum Onoru O’Neill er ljóst að mikilvægt er að huga fyrst og fremst að skyldum sem fólk hefur gagnvart börnum og þá sérstaklega foreldrar og aðrir sem standa þeim næst. Þetta er áhugavert sjónarmið í ljósi umræðu um hvað felist í æxlunarfrelsi. Æxlunarfrelsi er réttur fólks til að ákveða að eignast börn eða ekki. Ýmsir talsmenn þess frelsis telja að standa þurfi vörð um það líkt og mál- og trúfrelsi, þar sem hvort tveggja varðar svið í lífi hvers og eins sem snertir afar viðkvæmar og persónulegar ákvarðanir og lífsviðhorf. Þeir vísa margir í 16. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem

---

<sup>85</sup> O’Neill, „Children’s Rights and Children’s Lives“, 447.

<sup>86</sup> Hér gæti verið gagnlegt að taka fram að O’Neill notar ensku orðin ‘care’ og ‘support’ sem dæmi um sértækar fullkomnar skyldur foreldra gagnvart börnum sínum en tekur engin raunveruleg dæmi. Með ‘support’ gæti hún átt við að foreldrar eigi að sýna börnum sínum ‘stuðning’ sem er hægt að túlka á ólíkan máta en hún gæti átt við að ‘framfærslu’ eða ‘sjá fyrir’ þeim. Mér finnst seinni þýðingin líklegri þar sem fullkomnar skyldur svara til réttinda og ef þær eru sértækar þarf að dreifa þeim á ólíka aðila til að hægt sé að tryggja viðeigandi gæði og þjónustu. Börn hafa rétt á því að einhver sjái fyrir þeim, þar sem þau geta ekki gert það sjálf og án þess komast þau ekki lífs af. Ég myndi því halda að ‘support’ sem ‘stuðningur’ heyri frekar til ófullkominna sértækra skyldna foreldra en ‘support’ sem ‘framfærsla’ sé fullkomin sértæk skylda.

<sup>87</sup> O’Neill, *Towards Justice and Virtue*, 151.

segir: „Fulltíða konur og karlar hafa rétt til að ganga í hjónaband og *stofna fjölskyldu*, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða.“<sup>88</sup> Þar má túlka greinina sem sem svo að fólk hafi rétt á að eignast börn, enda þótt hugtakið ‘fjölskylda’ sé ekki skilgreint í sáttmálanum.<sup>89</sup> Frjálslyndir hugsuðir líta oft á æxlunarfrelsi sem mikilvægan hluta af sjálfræði einstaklingsins og tjáningarmáta hans.<sup>90</sup> Áhersla á mikilvægi æxlunarfrelsis í samtímanum gæti stafað af því að á tuttugustu öld var brotið harðlega á þessum rétti þar sem ríki gripu inn í með því að koma í veg fyrir að fólk gæti eignast barn eða neyddu fólk til þess að eignast barn. Þar má nefna sem dæmi þvinguð þungunarrof í Kína, þvingaðar barneignir undir stjórn Nasista og ófrjósemisaðgerðir án samþykkis sem iðkaðar voru víða sem hluti af mannkynbótarstefnu.<sup>91</sup>

Líkt og með annars konar réttindi má velta fyrir sér hvort rétturinn til að ákveða að eignast barn eða ekki flokkist til gæðaréttar eða griðaréttar og hvaða hlutverki ríkið eða aðrar stofnanir gegna til að standa vörð um þann rétt. Það má túlka réttindin á báða vegu, það er annars vegar gegn óréttmætum afskiptum valdhafa og hins vegar til gæða, eins og aðstoðar við æxlun. Oft er til dæmis litið á notkun getnaðarvarna og fóstureyðingar sem griðarétt sem megi ekki brjóta.<sup>92</sup> Með auknum tækniframförum stöndum við frammi fyrir nýjum og flóknari spurningum hvað varðar æxlunarfrelsi, því að hugtakið felur í sér meira en rétt til griða og frelsis frá valdbeitingu ríkis.<sup>93</sup>

Í umræðu um æxlunarfrelsi eru hugmyndir um *rétt til að velja, til einkalífs* og *til sjálfræðis* ákveðin leiðarstef til að varpa ljósi á frelsi og rétt hvers og eins. Rétturinn til að velja getur átt við að konur hafi val um að fara í fóstureyðingu en réttur til einkalífs felur í sér afskiptaleysi annarra. Í réttinum til sjálfræðis felst þetta tvennt, auk almenns réttar til að stjórna og haga lífi sínu eftir eigin höfði. O’Neill telur merkingu þessara hugtaka ólíka í samhengi við notkun á nýrri æxlunartækni sem möguleika fyrir fólk sem

---

<sup>88</sup>Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, 16. grein,

<https://www.un.is/stadreyndir/mannrettindayfirlýsing-sameinudu-thjodanna/>.

<sup>89</sup>Sjá til dæmis Harris, John, „Clones, Genes and Human Rights”, *The Genetic Revolution and Human Rights* (Oxford: Oxford University Press, 1999), 93.

<sup>90</sup>Onora O’Neill, „‘Reproductive autonomy’ and new technologies“, *Autonomy and Trust in Bioethics*. (New York: Cambridge University Press, 2007) bls. 55.

<sup>91</sup>O’Neill, *Autonomy and Trust in Bioethics*, 50–51 og Vilhjálmur Árnason, „Æxlunarfrelsi, erfðatækni og barnavernd”, *Heiðursrit. Ármann Snævarr 1919–2010* (Reykjavík: Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr og Bókaútgáfan Codex, 2010), 379–390.

<sup>92</sup>Brake, Elizabeth og Millum, Joseph, „Parenthood and Procreation“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, <https://plato.stanford.edu/archives/spr2018/entries/parenthood/>.

<sup>93</sup>O’Neill, *Autonomy and Trust in Bioethics*, 50.

af náttúrunnar hendi getur ekki eignast börn, sérstaklega sjálfræðishugtakið.<sup>94</sup> Með tímanum hefur rétturinn til að velja umbreynt í rétt til æxlunarsjálfræðis.<sup>95</sup> Margir líta þá svo á að fólk hafi ekki einungis rétt á að ákveða að *eignast ekki börn*, eða stýra betur tímasetningu barneigna sinna, heldur hafi einnig *rétt á að eignast barn*, óski það þess. Þar vandast þó málin því afskiptaleyssi stjórnvalda dugir ekki til eigi fólk í erfiðleikum með að eignast barn heldur þarf fólk aðgang að þjónustu sem einhver þarf að veita. Þá kvikna spurningar um hvort það sé réttlæt看legt að setja þeim skilyrði eða hvort um sé að ræða altæk gæðaréttindi sem hægt er að krefjast og sem stjórnvöld ættu þá að tryggja.

O'Neill telur samtímaumræðu um æxlunarfrelsi ekki hafa tekist að sýna fram á að sjálfræði einstaklingsins geti verið meginþáttur þegar taka þarf siðferðilega afstöðu um æxlun. Hún telur það auk þess vera rangtúlkun í umræðu um æxlunarfrelsi að það að eignast barn sé hluti af sjálfstjórningu hvers og eins, sem krefst þá sjálfræðis. Hún bendir á að það að takmarka barneignir stuðli jafnan að auknu sjálfræði einstaklingsins en það sé augljós staðreynd að fjölskyldulíf, hvernig sem það komi til, takmarki sjálfræði foreldra.<sup>96</sup> Að höfða til sjálfræðis einstaklingsins sem hluta af sjálfstæði hans, tjórningu eða sjálfsákvörðunarrétti getur verið sannfærandi hvað varðar rök með getnaðarvörnum eða fóstureyðingum að hennar mati. Auk þess sem í því felst réttur til að velja og til einkalífs, getur það að eignast *ekki* barn verið lykilatriði til að tryggja sjálfræði foreldra og þá sérstaklega móður. Umræða um fóstureyðingar er þó töluvert flóknari en um getnaðarvarnir því að rétturinn til að velja, til sjálfræðis og einkalífs, mæta þar réttinum til lífs. Ekki verður farið nánar út í það hér.<sup>97</sup> O'Neill lítur svo á að ekki sé hægt að réttlæta æxlun aðeins út frá því að það sé hluti af sjálfræði þeirra sem vilja eignast barn. Vissulega skiptir það að eignast barn marga miklu máli og það er persónulegur hluti af lífi hvers og eins. Það þýðir þó ekki að líta eigi á æxlun aðallega sem sjálfstjórningu enda er hún frábrugðin getnaðarvörnum og fóstureyðingum þar sem við það verður til þriðji aðili – barn. Því er mikilvægt að huga að réttindum þess, velferð og framtíð og hvaða skyldur standa vörð um þessa þætti.<sup>98</sup>

---

<sup>94</sup> O'Neill, *Autonomy and Trust in Bioethics*, 56.

<sup>95</sup> Sama rit, 61.

<sup>96</sup> Sama rit, 65–66.

<sup>97</sup> Sjá umfjöllun á bls. 236–261 í *Siðfræði lífs og dauða* og umfjöllun í greininni „Feminist Perspectives on Reproduction and the Family“ á *Stanford Encyclopedia of Philosophy*, <https://plato.stanford.edu/entries/feminism-family/#3.1>

<sup>98</sup> Sama rit, *Autonomy and Trust in Bioethics*, 61–62.

### 4.3 Um foreldraábyrgð

Þar sem foreldrar bera margskonar skyldur gagnvart börnum sínum er það að höfða til réttar hinna fullorðnu til sjálfræðis ekki nægur siðferðilegur grundvöllur fyrir ákvörðun um æxlun. Börn eru háð öðrum lengi vel og því væri óábyrgt að mati O'Neill að þeir sem vilja eignast barn geti ekki sinnt því á fullnægjandi hátt eins lengi og barnið þarf. Hún telur mikilvægt að barn fæðist ekki inn í fjölskyldu eða til einstaklings sem hluta af tjáningarþörf viðkomandi, heldur til einhvers sem ætlar sér og hægt er að búast við að verði til staðar fyrir barnið í mörg ár. Áherslan á sjálfræði einstaklingsins hefur fært fókusinn frá þeirri staðreynd að markmið æxlunar sé að til verði ný manneskja sem þarfnast aðstoðar um þó nokkurt skeið. Hlutverk foreldra hefur því furðu lítið vægi í umræðu um æxlunarfrelsi, að mati O'Neill.<sup>99</sup>

Eins og áður hefur komið fram gegna stofnanir lykilhlutverki til að tryggja rétt barna, bregðist foreldrar skyldum sínum. Margir eignast barn vandræðalaust án þess að vera hæfir til að sinna skyldum sínum gagnvart því. Þeir foreldrar sem reynast ófærir um eða hafa ekki áhuga á að sinna börnum sínum og misnota þau jafnvel valda þeim miklum skaða. Oft leiðir það til þess að börnin eru tekin frá þeim með inngripi stofnana sem sinna barnavernd. O'Neill bendir þó á að það að fyrirbyggja slæmt uppeldi með inngripi eins og að þvinga fram fóstureyðingu fæli í sér mikla réttarskerðingu og væri gróf misbeiting á valdi. Þar má nefna sem dæmi konu sem gengur með barn og er háð sterkum vímuefnum, eins og heróíni. Þar er aðeins hægt að grípa inn í með fræðslu, félagslegum stuðningi og hvatningu meðan barnið er ófætt. Alvarlegri inngrip geta ekki átt sér stað fyrr en eftir að barnið er fætt og ljóst er að það sé vanrækt eða verði fyrir skaða.<sup>100</sup>

Það er griðaréttur fólks að ríkið hafi ekki afskipti af því hverjir eignast barn og hverjir ekki. Rétturinn til að *eiga* barn og hafa forsjá með því er svo bundinn þeim lágmarksskilyrðum að foreldri vanræki ekki barn sitt. Ef lítið er hins vegar á réttinn til að *eignast* barn sem *altækan gæðarétt* þá þarf að útvega því fólki viðeigandi þjónustu sem þarf á henni að halda. Þar sem börn eru ósjálfbjarga og varnarlaus telur O'Neill, frá sjónarmiði barnaverndar, vera góða ástæðu til að takmarka slíka þjónustu við fólk sem getur axlað þær margþættu skyldur sem foreldrar bera gagnvart börnum sínum. O'Neill telur góða heilsu og getu til þess að vera til staðar og taka virkan þátt í uppeldi barnsins

---

<sup>99</sup> O'Neill, *Autonomy and Trust in Bioethics*, 62–63.

<sup>100</sup> Sama rit, 63–64.



vera mikilvægar forsendur þess að fólk geti sinnt skyldu sinni.<sup>101</sup> Ef réttlæt看legt er að takmarka meintan gæðarétt til barneigna gefur það til kynna að réttur til að eignast börn sé ekki skilyrðislaus.

Ýmsir hafa fært rök fyrir því að það að neita þeim sem eru ófrjóir um tæknifrjógun eða aðrar óhefðbundnar leiðir til barneigna, sé mismunun gagnvart þeim hópi og það hamli æxlunarfrelsi þeirra. Lífsiðfræðingurinn John Harris bendir á að frjóum einstaklingum séu ekki settar skorður þegar kemur að barneignum þótt ýmislegt bendi til þess að þau geti ekki sinnt foreldrahlutverkinu. Hann spyr til að mynda hvort ekki megi líta á ófrjósemi sem fötlun, og leitast við að veita þeim sömu tækifæri og þeim sem eru frjóir með því að bjóða upp á aðgengi að viðeigandi tækni og þjónustu, jafnvel endurgjaldslost.<sup>102</sup>

Samkvæmt O'Neill er það að setja reglur um aðgengi að æxlunartækni ekki undantekningarlaust mismunun. Þegar leiða má líkum að því að einstaklingar sem glíma við ófrjósemi geti ekki sinnt foreldrahlutverki með fullnægjandi hætti eigi þeir sama rétt á afskiptaleyzi valdhafa og aðrir. Hún telur þá hins vegar ekki eiga kröfu á æxlunaraðstoð, eins og niðurgreiddri eða ókeypis tæknifrjógun, séu líkur á að fóstrið eða barnið verði fyrir skaða vegna vanrækslu eða slæms ástands foreldranna.<sup>103</sup>

O'Neill leggur þó ekki til að tæknileg aðstoð eins og tæknifrjógun eigi að einkorðast við gift pör með fasta atvinnu og við hestaheilsu. Til eru dæmi um slæma foreldra sem tilheyra þeim hópi sem og góða foreldra sem gera það ekki.<sup>104</sup> Hún nefnir sem dæmi að ekki sé hægt með réttmætum hætti að búast við því að fólk, sem glími við langvarandi veikindi eða fíkn, sé mjög ungt eða gamalt eða óhæft og áhugalaust, muni vera til staðar og sinna hlutverki sínu út barnæsku barnsins. Hún bendir einnig á að jafnvel þótt almennt sé viðurkennt í ríkari samfélögum að einstaklingur geti séð einn um uppeldishlutverk, þá þurfi samt sem áður að taka mið af því að barnæskan vari um nokkurt skeið og lífið sé óútreiknanlegt. Það er því líklegra að þeir sem eru í stöðugri sambúð eða með gott öryggisnet geti með réttmætum hætti búist við að vera til staðar allan þann tíma og á þann þátt sem nauðsynlegur er fyrir barn.<sup>105</sup> O'Neill telur alla sem huga að því að

---

<sup>101</sup> O'Neill, *Autonomy and Trust in Bioethics*, 63 og Vilhjálmur Árnason, „Æxlunarfrelsi, erfðatækni og barnavernd“, 383.

<sup>102</sup> Harris, John, „Right and Reproductive Choice“, *The Future of Human Reproduction* (New York: Oxford University Press, 1998), 7.

<sup>103</sup> O'Neill, *Autonomy and Trust in Bioethics*, 63–64.

<sup>104</sup> Sama rit, 65.

<sup>105</sup> Sama rit, 62–63.

eignast börn, hvort sem þeir þurfa tæknilega aðstoð eður ei, þurfa að lúta sömu skilyrðum, að vera *hæfir og af vilja gerðir til að vera virkir og stuðningsríkir þátttakendur í lífi barns í mörg ár.*<sup>106</sup>

Talsmenn æxlunarsjálfræðis viðurkenna að allt sjálfræði megi takmarka skaði það aðra. Því mætti takmarka rétt til æxlunarsjálfræðis ef líkur eru á að ófætt barn verði fyrir skaða. O'Neill finnst það þó ekki nógu sterk rök með ótakmörkuðu æxlunarsjálfræði enda lágmarkskröfur sem gerðar eru til foreldra. Foreldrar gegna miklu stærra hlutverki í lífi barna sinna en að sinna þeirri altæku fullkomnu skyldu að 'valda þeim ekki skaða'. Siðferðileg réttlætning barneigna með tæknilegri aðstoð er ekki hvort æxlun geti átt sér stað án þess að valda skaða heldur að nægar ástæður séu fyrir því að ætla að það barn sem verður til vegna tækninnar megi búast við nógu góðri framtíð, og að 'nógu góð' fjölskylda (líffræðileg eða ekki) verði til staðar fyrir það.<sup>107</sup>

Það kann að hljóma kaldranalegt að hafa áhrif á hvort fólk eignist börn eða ekki, enda djúpstæð löngun margra. Það getur þó varla talist til *réttinda* sem stofnunum ber að tryggja, ef ekki verður hugað að skyldunum gagnvart þeim sem þessi réttindi hafa mest áhrif á – börnunum.

---

<sup>106</sup> O'Neill, *Autonomy and Trust in Bioethics*, 65.

<sup>107</sup> Sama rit, 66.

## Niðurlag

Hvað sem öðru líður vil ég biðja menn  
að fara varlega með orð  
þau geta sprungið  
og þó er hitt öllu hættulegra  
að það getur vöknað í púðrinu.

- Brot úr ljóðinu „II“ eftir Sigfús Daðason

Það er mikilvægt að stuðla að réttlæti í heiminum og aukin réttindi fólks skipta þar sköpum. Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur haft mikil áhrif á skilning fólks á því hvað felst í mannréttindahugtakinu og haft áhrif á réttindabaráttu og ýmsar ákvarðanir stjórnvalda. Hann hefur hins vegar ekki tryggt öllum mönnum þau grið eða gæði sem teljast forsendur mannsæmandi lífs og enn ræður heppni um fæðingarstað miklu um hvaða möguleika viðkomandi hefur í lífinu. Umræður og yfirlýsingar um réttindi barna hafa því miður ekki komið í veg fyrir að enn eru mörg börn vanrækt af foreldrum sínum eða stjórnvöldum lands síns. Þótt ljóst sé að börn þarfnist mikillar umönnunar fer umræða um foreldraábyrgð iðulega halloka fyrir hugmyndum um frelsi og sjálfræði einstaklingsins.

Kenning Onoru O’Neill um réttindi og skyldur sýnir mikilvægi þess að byggja siðferðilega umræðu á skyldum frekar en réttindum. Ef kröfur um réttindi eiga ekki að verða óskhyggja er nauðsynlegt að *einhverjir tilteknir*, einstaklingar eða stofnanir, beri skyldu. Ef hægt er að byrja á að ráðstafa skyldunni eykst yfirsýnin á hvaða réttindi skyldan getur tryggt og *breytnin* verður lykilatriði, en ekki ósk eða draumur um ákveðna niðurstöðu, sem er ekki gulltryggð. Það er lykilatriði að skyldur séu stofnanavæddar svo hægt sé að ganga að sértækum og altækum réttindum vísum. Stofnanir geta og hafa tryggt griðarétt með því að lögfesta hann til dæmis og hægt er að efna gæðarétt með því að dreifa skyldunni á viðeigandi aðila og koma á fót sértækum samböndum þar sem alltaf er einhver sem rækir skyldu sína. Bregðist stofnanir eða aðrir fulltrúar skyldu sinni er mikilvægt að hægt sé að draga einhvern til ábyrgðar. Fleiri bera þó ábyrgð en stjórnvöld og stofnanir. Allir sem hafa þroska og getu til bera skyldu gagnvart öðrum og sérstaklega þeim sem þeir hafa skyldusamband gagnvart. Þeim ber að sjálfsögðu að efna þær fullkomnu skyldur sem hafa samsvarandi réttindi, sem æskilegast væri að lögbinda, en ófullkomnar skyldur sem ekki er hægt að krefjast skipta ekki síður máli til að auka vellíðan annarra og farsæld. Þær eiga þó til að gleymast þegar megináherslan er lögð á réttindi sem ýtir undir mikilvægi þess að byggja siðferðilega umræðu á skyldu frekar á réttindum. Til ófullkominna skyldna heyrir breytni á borð við virðingu, kurteisi, góðvild

og önnur hegðun sem telst til góðra eiginleika og oft dyggða. Það getur verið erfitt að átta sig á hvaða hegðun fellur nákvæmlega undir ófullkomnar skyldur því að útfærsla þeirra getur verið breytileg eftir aðstæðum og manngerð fólks. Stofnanir skipta þar einnig máli því að búa þarf fólki skilyrði til að rækta með sér dyggðuga breytni og siðferðilega dómgreind.

Samband foreldra og barns gefur góða mynd af mikilvægi ófullkominna sértækra skyldna, það er skyldna án réttinda sem bundnar eru ákveðnu hlutverki. Jafnvel þótt barn eigi ekki rétt á öðru en að foreldrar efni grundvallarskyldur við það þá er ljóst að öll börn þarfnast þess að foreldrar sýni þeim sérstaka ást og athygli og að án þess þrífast þau ekki. Þeir foreldrar sem vanrækja skyldur sínar gagnvart börnum, hvort sem þær eru fullkomnar eða ófullkomnar, bregðast hlutverki sínu. Það að foreldrar beri svo margþætta skyldu er góð ástæða til að hugsa sig tvisvar um áður en einhver tekur það hlutverk að sér. O'Neill færir rök fyrir því að réttur fólks til að eignast barn sé ekki skilyrðislaus gæðaréttur, því þurfi fólk aðstoð við æxlun þarf að meta hvort allt bendi til þess að það geti efnt skyldur sínar áður en slík þjónustan er veitt.

Hugmyndir Onoru O'Neill varpa ljósi á vankanta ríkjandi umræðuhefðar um réttindi og skyldur. Réttindi eru afar mikilvæg til að bæta hag fólks og stuðla að réttlæti og því má hugtakið ekki þynnast út eða missa marks. Það gæti þó gerst ef ekki er gerð grein fyrir boðandi tengslum réttinda og skyldna, að án skyldna verði engin réttindi. Farsæld krefst samt meira en skilvirkra sáttmála og tryggðra réttinda. Fólk ber margvíslegar skyldur sem svara hvorki til né leiða af sér réttindi. Þessar skyldur fara umfram það sem uppfyllir grundvallarþarfir fólks og mannréttindi og tryggja aðra nauðsynlega þætti tilverunnar. Til að hægt sé að skapa skilyrði sem uppfylla þarfir manneskjunnar og gefa henni tækifæri til þroska og lífskosta gildir það sama og ég er alin upp við: skyldan fyrst.

## Heimildaskrá

- Berlin, Isaiah. „Tvö hugtök um frelsi“. *Heimspeki á tuttugustu öld*. Róbert Víðir Gunnarsson þýddi, ritstýrt af Einari Loga Vignissyni og Ólafi Páli Jónssyni. Reykjavík: Heimskringla, 1994, bls. 157–168.
- Brake, Elizabeth og Millum, Joseph. „Parenthood and Procreation“. *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* (vor 2018). Sótt í apríl 2020.  
<https://plato.stanford.edu/archives/spr2018/entries/parenthood/>.
- Gilje, Gunnar, Nils og Skirbekk. *Heimspokisaga*. Stefán Hjörleifsson þýddi. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.
- Harris, John. “Clones, Genes and Human Rights”. *The Genetic Revolution and Human Rights*, Ritstj. Justine Burley and Justine Burley. Oxford: Oxford University Press, 1999.
- Harris, John og Søren Holm. „Rights and Reproductive Choice“. *The Future of Human Reproduction: Ethics, Choice, and Regulation*. New York: Oxford University Press, 1998 (endurútgefin árið 2004), bls. 5–37.
- Kant, Immanuel. *Grundvöllur að frumspöki siðlegrar breytni*. Guðmundur Heiðar Frímansson þýddi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011
- „Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna“. 1948. Sótt í apríl 2020 af  
<https://www.un.is/stadreyndir/mannrettindayfirlýsing-sameinudu-thjodanna/>.
- Miller, David. *Political Philosophy, A Very Short Introduction*. New York: Oxford University Press, 2003.
- O’Neill, Onora. „Between Consenting Adults”. *Constructions of Reason: Reason Explorations of Kants Practical Philosophy*. Cambridge: Cambridge University Press, 1990, bls. 105–125.
- O’Neill, Onora. „Children's Rights and Children's Lives“ *Ethics* 98, no. 3 (1988): BLS. 445–63. Sótt í febrúar, 2020. [www.jstor.org/stable/2380960](http://www.jstor.org/stable/2380960).
- O’Neill, Onora. „The Dark Side of Human Rights“. *International Affairs (Royal Institute of International Affairs 1944–)* 81, no. 2 (2005): bls. 427–439. Sótt í febrúar, 2020. [www.jstor.org/stable/3568897](http://www.jstor.org/stable/3568897).
- O’Neill, Onora. „‘Reproductive autonomy’ and new technologies“. *Autonomy and Trust in Bioethics*. New York: Cambridge University Press, 2007, bls. 49–72.
- O’Neill, Onora. *Towards Justice and Virtue: A Constructive Account of Practical Reasoning*. Cambridge: Cambridge University Press, 2002.

„Samningur um efnahags-, félags- og menningarleg réttindi“ hjá Embætti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (CESCR). 1966. Sótt í apríl 2020 af <https://www.ohchr.org/en/professionalinterest/pages/cescr.aspx>

Vilhjálmur Árnason. *Farsælt líf, réttlátt samfélag: Kenningar í Siðfræði*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, 1999.

Vilhjálmur Árnason. *Siðfræði lífs og dauða*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993.

Vilhjálmur Árnason, „Æxlunarfrelsi, erfðatækni og barnavernd“, *Heiðursrit. Ármann Snævarr 1919–2010*, Hrefna Friðriksdóttir, Valborg Snævarr, Þórhildur Líndal, Reykjavík: Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr og Bókaútgáfan Codex 2010, bls. 377–395.

Wenar, Leif. „Rights“. *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* (vor 2020). Sótt í febrúar 2020. <https://plato.stanford.edu/archives/spr2020/entries/rights/>.